ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSÚN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

Útg.: KOMMÚNISTAFLOKKUR ÍSLANDS/ML 10. tbl. 5. árg. 25/5 1976.

VERÐ KR:70.

MEÐAL EFNIS:

FRÁ DAGSBRÚNARFUNDI

LÁGLAUNARÁÐSTEFNAN

UM KAUPFÉLÖGIN

BÆNDAMÁLIÐ

VERKFALL IÐNNEMA Á AKUREYRI

VIÐTAL VIÐ SJÓMANN Á HELLISSANDI, OFL.

Gegn vinnulöggjöf auðvaldsins

Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram tillögu að nýrri vinnulöggjöf. Enn sem komið er hefur ekkert sést opinberlega um innihald tillögunnar, hún hefur verið afhent miðstjórn VSÍ og ASÍ til umsagnar og er meðhöndluð sem trúnaðarmál.

Meðferð málsins öll tekur af allan vafa um það, hvað í tillögunum býr. Síðastliðin tvö ár hefur verið látlaus áróður um þörfina á breyttri vinnulöggjöf, alls staðar hefur verið sett fram sú skoðun af hálfu auðvaldsins og leigupenna þeirra að lögin verði að koma í "veg fyrir kostnaðarsöm verkföll." Þessir aðilar eiga eingöngu við kostnað auðvaldsins, þeir ganga út frá því sem vísu að verkalýðurinn hafi efni á því að fá engar eða litlar kjarabætur. Fyrirhuguð lagabreyting er því til þess ætluð að svipta verkalýðinn lagalegum möguleikum til þess að berjast af krafti fyrir bættum kjörum. Nú skal skerða verkfallsréttinn svo, að hann verði aðeins til á pappírnum.

Tilraunir til þess að hefta kjarabaráttu verkalýðsins hafa ætíð verið eitt af aðaláhugamálum burgeisastéttarinnar. Allt frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar hafa komið fram tillögur sem hafa miðað að því að hefta rétt verkalýðsins til að stofna sín samtök og rétt til þess að verðleggja vinnuafl sitt sjálfur. Fyrstu lögin á Íslandi um verkföll og vinnudeilur voru sett árið 1925, en 1938 voru núgildandi lög sett. Þau lög þykja nú ekki nægilega víðtæk, þ.e. burgeisarnir telja að þau þjóni ekki hagsmunum sínum í dag. Nú vilja þeir herða tökin og koma á lögbundnum allsherjarsamningum sem svipta verkalýðsfélög réttinum til þess að ráða sínum málum sjálf.

Vinnulöggjöf auðvaldsins er upphaflega sniðin eftir danskri fyrirmynd frá 1899, en gengur þó ekki eins langt og hún. En ástæðan fyrir því er ekki sú að íslenskt auðvald hafi skort viljann til þess að ganga lengra, það var aðeins fyrir einarða andstöðu verkalýðsins, með gamla Kommúnistaflokkinn í broddi fylkingar, að lögin frá 1938 uppfylltu ekki allar óskir auðherranna.

Það sem fólst í þeim tillögum sem atvinnurekendur lögðu fram fyrir 1938 var m.a. það að 3/4 atkvæða þyrfti til að samþykkja vinnustöðvun í verka-

Frh. á bls. 3

ASÍ-forystan er sátt við kjaraskerðinguna

Ríkisstjórn íslenska auðvaldsins hefur nú lagt fram enn eitt frumvarpið, sem felur í sér kjaraskerðingu fyrir verkafólk, en það er hækkun vörugjalds úr 10 í 18%. Síðan síðustu kjarasamningar voru undirritaðir hefur hver vöruverðshækkunin dunið yfir á fætur annarri. Slíkt þarf vissulega ekki að koma á óvart. Ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks er ríkisstjórn stærstu einokunarhringanna og er þeirra hlutverk því að gæta hagsmuna þessara auðherra á þingi.

ASÍ-forystan er hissa.

Þessar kjaraskerðingar ríkisstjórnarinnar, aðgerðir hennar til að velta byrðum efnahagskreppu yfir á herðar vinnandi fólks, kom því engum á óvart - nema ASÍ-forystunni. Fyrstu viðbrögð hennar voru undrun yfir því, að hún skyldi hafa verið svikin við gerð síðustu samninga. ASÍ-forystan lýsti því yfir, þegar ríkisstjórnin framkvæmdi stórfelldar verðhækkanir, stuttu eftir að kjarasamningar voru undirritaðir, að við samningsgerðina hefði alls ekki verið tekið mið af þessum verðhækkunum; gengið hefði verið út frá spám þjóðhagsstofnunarinnar, sem hefðu hljóðað uppá öllu minni verðhækkanir. Þannig eru vinnubrögð þessara embættismanna; þeir ganga út frá loforðum ríkisstjórnarinnar og auðherranna, verða síðan ákaflega hissa, þegar þessi loforð eru svikin. Hinn almenni verkamaður er hins vegar ekki hissa hann veit af eigin reynslu, að þessi ríkisstjórn er einhver sú afturhaldsamasta, sem hér hefur setið og er reiðubúin að ganga á bak orða sinna, hvenær sem einokunarauðvaldinu hentar

Framhald bls. 3

Keflavikurgangan



Keflavíkurgangan 15. maí markaði tímamót í sögu baráttunnar gegn NATO og herstöðvunum. Gangan sannaði, svo ekki verður um villst, að sú hreyfing sem "Vörðu landi" tókst að vekja til stuðnings við NATO og herinn hefur algerlega koðnað niður. Æ fleiri gera sér nú ljóst eðli NATO og vakna til baráttu gegn því. Hefur þar landhelgismálið vafalaust mikið að segja. Þar sér fólk svart á hvítu, að NATO er ekki hér til að verja Ísland heldur eingöngu vegna eigin hagsmuna.

Þúsundir íslendinga flykktust í Keflavíkurgönguna að þessu sinni og á útifundinn á Lækjartorgi. Í heildina séð voru þetta fjölmennustu og best heppnuðu aðgerðirnar sem herstöðvaandstæðingar hafa staðið fyrir. Það er tjáning þeirrar miklu öldu sem nú er að rísa meðal íslenskrar alþýðu gegn stríðsbrölti stórveldanna og erlendri hersetu hér á landi. Helstu kröfur göngunnar voru "Ísland úr NATO - herinn burt" og "Full yfirráð yfir 200 mílunum." Í göngunni bar einnig mikið á baráttuvígorðum eins og "Öreigar allra landa sameinist" Með því lýstu göngumenn yfir stuðningi sínum við alþjóðahyggju verkalýðsins og nauðsyn þess að herstöðvamálið verði sett í samhengi við baráttu kúgaðrar alþýðu um allan heim. Það eina sem bar skugga á gönguna var aumkunarvert klofningsbrölt nokkurra fylkingarfélaga sem dreifðu eigin dreifibréfum og reyndu að kljúfa samstöðuna. Fæstir tóku þó eftir þessu brasi trottanna, svo klofningsstarfsemi þeirra rann að mestu út í sandinn.

Framundan bíður herstöðvaandstæðinga mikið starf. Þessari aðgerð verður að fylgja eftir með stofnun virkra fjöldasamtaka. Herstöðvaandstæðingar verða að geta virkjað þá miklu öldu sem nú er að rísa meðal alþýðunnar í landinu gegn NATO og herstöðinni. Og það verður ekki gert með því að halda núverandi skipulagi, heldur verður að stefna markvisst að stofnun liðsmannasamtaka, sem geta virkjað alþýðufjöldann í landinu til áframhaldandi starfs.

1.MAÍ REYKJAVÍK

Ganga Baráttueiningar í Rvík var einna stærst af göngunum 1. maí. Í göngunni voru 1500-2000 manns og 1000-1200 á útifundinum á Hótel Íslandsplaninu. Ræður fluttu Gunnar Andrésson, formaður KFÍ/ML, Roger Bibbings, fulltrúi Kommúnistaflokks Bretlands ml, og Sumarliði Ísleifsson. Þá skemmtu nokkrir landsþekktir skemtikraftar.

Á eftir útifundinum var haldin baráttufundur í Háskólabíó og sóttu hann um 800 manns. Þar héldu ræður Sigurður Jón Ólafsson iðnverkamaður, Ari Trausti Guðmundsson, Eik-ml, og Roger Bibbings flutti ávarp.

Framhald bls. 5



Myndin er frá fundi Baráttueiningar í Háskólabíói 1. maí.

kynningarfundur

Hvað vill KFÍ/ML?

Félagar, verkafólk í Reykjavík og nágrenni.

Miðvikudaginn 2. júní verður haldinn í Lindarbæ almennur kynningarfundur á starfi og stefnu hins nýstofnaða Kommúnistaflokks Íslands/ML. Ræðumenn verða: Gunnar G. Andrésson (rafvirki), formaður miðstjórnar KFÍ/ML og Kristján Guðlaugsson (kennari), aðalritari miðstjórnar KFÍ/ML.

Að loknum framsöguræðum verður fyrirspurnum svarað. Fundarstjóri er Matthías V. Sæmundsson.

Fundurinn hefst kl. 20,30.

Félagar, verkafólk. Stéttabaráttan hvetur ykkur til að fjölmenna á fundinn.



STÉTTABARÁTTAN, 10 tbl.
25/5 1976

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands/ml. STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega. Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík. Sími: 27810. Gíró:27810. Ábm: Sig. I. Andrésson

Vinnulöggjöfin

Í haust mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögu að breytingum á gildandi vinnulöggjöf. Nú þegar er vitað að það er þingmeirihluti fyrir hendi til þess að koma þessum breytingum í gegn. Þó svo að allir stjórnarþingmenn sem hafa tjáð sig opinberlega um málið hafi lýst því yfir að engar breytingar skuli gerðar aðrar en þær sem "aðilar vinnumarkaðarins" geti sætt sig við þá er það víst að tilgangur breytingarinnar er aðeins einn. Hann er sá að skerða rétt verkalýðsins til að berjast fyrir bættum kjörum.

Sú umræða sem hefur staðið undanfarin tvö ár hefur leitt í ljós að það eru tvær meginbreytingar sem eru efstar á óskalista atvinnurekenda. Í fyrsta lagi að miðstýring Alþýðusambandsins verði aukin og bundin í lögum. Í öðru lagi að valdsvið sáttasemjara verði aukið og öll afskipti ríkisvaldsins af kjaradeilum yfirleitt aukin.

Forsvarsmenn Vinnuveitendasambandsins hafa lýst sig fylgjandi frjáslum samningsrétti og gegn vexti ríkisbáknsins - en þessar yfirlýsingar eru auðvitað innantómar þar sem þeir styðja í raun aukin afskipti ríkisvaldsins af samningamálum. Og þeir ganga svo langt að krefjast þess að ríkisvaldið breyti skipulagi Alþýðusambandsins með lögum.

Fátt hefur heyrst úr munni forystumanna ASÍ fram til þessa. Þó hefur afstaða auðvaldsins verið ljós og til opinberrar umræðu í meir en tvö ár. Á 1. maí sl. lýsti Björn Jónsson sig algerlega andstæðan fyrirhuguðum breytingum á vinnulöggjöfinni en notaði jafnframt málið til þess að færa sig nær ráðherrastólnum. Hann komst að þeirri niðurstöðu varðandi alla baráttuna, að henni yrði best borgið með því að losna við núverandi ríkisstjórn!

Það er fullljóst að fyrirhugaðar breytingar eru andstæðar hagsmunum verkalýðsins og að það er aðeins með eigin baráttu sem okkur mun takast að brjóta á bak aftur árásir á réttindi okkar. Tímann fram að hausti verður að nota vel til þess að efla baráttu verkalýðsins gegn fyrirætlunum burgeisanna. Verkalýðurinn verður að undirbúa sig til þess að beita öllum þeim vopnum sem hann hefur yfir að ráða í baráttunni. Eitt þeirra vopna er verkfallið. 1942 hratt verkalýðurinn árás auðvaldsins með því að beita skæruverkföllum. Eftir sjö mánaða baráttu voru þrælalög þáverandi ríkisstjórnar dautt pappírsgagn.

Félagar, verkafólk! Fram til baráttu gegn vinnulöggjöf auðvaldsins! Gegn auðvaldsþjóðfélaginu - fyrir sósíalisma!

21/5

Vanskil á orlofsfé

Í þessum mánuði hefur verkafólk um land allt verið að fá préf frá orlofsgírói þar sem gefið er upp upphæð orlofsfés sem það á inni. En eins og áður er þó nokkuð mikið um vanskil af hálfu atvinnurekenda á að borga orlofsfé verkafólks inn á póstgíró. Þar sitja nokkur stór fyrirtæki m.a. í sökinni, eins og Kirkjusandur. Þetta fyrirtæki, sem er í eigu SÍS og Ögurvíkur m.a. hefur gerst brotlegt við landslög með því að borga ekki orlofsfé inn á gíró. Sama má segja um fjölda smáatvinnurekenda sem hafa rassvasabókhald, þeir brjóta á verkafólki með því að svíkjas um að borga orlofið.
Verkafólk, orlofið er hluti af laununum og því á atvinnurekendum ekki að líðast að svíkjast um að borga það! Hafið samstundis samband við skrifstofu fagfélags ykkar ef um vanskil er að ræða! Haldið saman launaseðlum því þeir eru ykkar eina sönnunnargagn!

Hvað vill KFÍ/ML

Í inngangi að bæklingnun "Hvað vill KFÍ/ML" segir m.a.:

"Stofnþing KFÍ/ML táknar mikilvægustu þáttaskil í sameiningu íslenskra marxista-lenínista. Með stofnun Kommúnistaflokksins er lokið tímaskeiði smáhópaskipulags marxísku-lenínísku hreyfingarinnar. Við tekur tímaskeið uppbyggingar kommúníska flokksins með það að markmiði að byggja flokk, sem er fær um að stýra valdbyltingu verkalýðsins og uppbyggingu alræðis öreiganna. Efni þessa bæklings hlýtur að skoðast sem umræðugrundvöllur innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar. Allir íslenskir marxistar-lenínistar, hvort sem er innan eða utan flokksins, eiga að taka þennan bækling til náms í þeim tilgangi að efla og styrkja sameiningu marxista-lenínista í einn flokk."

"Hvað vill KFÍ/ML" er hægt að fá í Rauðu stjörnunni, Rvík, og hjá umboðsmönnum Stéttabaráttunnar um land allt.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357, Rvík, einnig í síma 27810
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650, Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild c/o Messíana Tómasdóttir, Miðhúsum.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt Stéttabaráttuna?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut.
Einnig fæst blaðið nú í mörgum söluturnum.
Suðurnes: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.
Laugarvatn: Arnór Sighvatsson, Menntaskólanum.

VESTURLAND:
Hellissandur: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

NORÐURLAND:
Akureyri: Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturninn við Aðalgötu.
Húsavík: Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.

AUSTURLAND
Borgarfjörður eystri: Guðrún Steingrímsdóttir.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Miðhúsum.
Eiðar: Stefán Jóhannsson.

Íslenskir námsmenn erlendis.

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Bergen: Guðmundur Sæmundsson, A - 226 Fantoft Studentby, 5036 Fantoft.
Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Sogn Studentby 1310, Oslo 8.

SVÍÞJÓÐ:
Stokkhólmur: Magnús Sæmundsson, Sandstenvägen 89, 135 51 Handen.
Lundur: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnärsvägen 5 D: 218 222 46 Lund.

DANMÖRK:
Århus: Magnús Þorgrímsson, Börglum Kollegiet v 444, Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Rukkun

Félagar, áskrifendur. Þótt ótrúlegt sé þá eiga enn nokkrir áskrifendur eftir að greiða fyrir árið 1975. Það liggur í augum uppi að slíkt gengur ekki til langframa. Bregðist því vel við á næstunni þegar rukkarar blaðsins banka uppá hjá ykkur. Allir áskrifendur verða bráðlega rukkaðir fyrir fyrrihluta 1976 - því blaðið þarf fé til að koma vikublaðinu á laggirnar.

Ályktun námsmanna i Danmörku og Suður-Sviþjoð

Það hefur sýnt sig að auðvaldið á Íslandi ræðst nú enn harkalegar á hina lægst launuðu í landinu. Þetta kom greinilega fram í síðustu kjarasamningum sem það neyddi uppá launþega. Og nú aftur í framvarpi því til laga um námslán og námsstyrki sem liggur fyrir Alþingi og ætlunin er að þvinga uppá námsfólk. Við fordæmum þær stanslausu kjaraskerðingar sem láglaunafólk og námsfólk hefur orðið fyrir undanfarið. Sýnt er að borgarastéttin á Íslandi fylgir dyggilega sömu stefnu og borgarastétt hins vestræna heims með kreppuráðstöfunum í sjúku auðvaldsþjóðfélagi, sköpun láglaunasvæðis á Íslandi fyrir erlenda auðhringa, sölu landhelginnar og gjafverði á orku til stóriðnaðar. Frumvarp þetta er enn eitt vopn íslenska ríkisvaldsins til að tryggja hag auðvaldsstéttarinnar og auka enn misrétti til náms. Við skorum því á íslenska alþýðu og samtök hennar að taka undir kröfur okkar að þegar í stað verði samið nýtt frumvarp sem byggi á jafnrétti til náms.

NIÐUR MEÐ KJARARÁNSSTEFNU STJÓRNARFLOKKANNA!

BURT MEÐ NÁMSLÁN Á VERRI KJÖRUM EN NOKKUR ÖNNUR LÁN Í LÁNAKERFINU!

EKKERT NÆST ÁN BARÁTTU: FRAM TIL STÉTTABARÁTTU GEGN ÍSLENSKA AUÐVALDINU!

Kveðjur frà KFÍ/ML

Í tilefni af aðgerðum íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn og víðar lýsir miðstjórn KFÍ/ML yfir fullum stuðningi við baráttu þeirra gegn kjaraskerðingarárás borgarastéttarinnar.

Við fögnum því að þið hafið lagt út í baráttu gegn kreppuráðstöfunum auðvaldsins, sem bitna hart á námsfólki.

Barátta ykkar fyrir námslánum sem duga til framfærslu er stuðningur við kröfur verkalýðsins um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Barátta námsmanna er hvatning til verkafólks til að hefja róttækar aðgerðir til að hrinda af sér kjaraskerðingum auðvaldsins.

Án virkrar þátttöku fjöldans vinnast engir sigrar.

Þess vegna fagnar KFÍ/ML því frumkvæði sem námsmenn sýna með aðgerðum sínum.

Treystum á baráttu fjöldans - höfnum makki og undanslætti!

DAGSBRÚNARFUNDUR

Aðalfundur Dagsbrúnar var haldin í Iðnó sunnudaginn 23. maí sl. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, yfirlit yfir fjármál félagsins, skýrsla stjórnar, o.fl. Líka var tekin afstaða til hlutafjáraukningar Dagsbrúnar í Alþýðubankanum um 6 milljónir.
Á fundinum, sem var ílla sóttur aðeins rúml. 100 manns, voru samþykktar margar ályktanir, þ.á.m. um landhelgismálið og kjaraskerðingarnar. En sú ályktun sem merkilegust er og er birt hér neðanundir er um tillögur ríkisstjórnarinnar um breitta vinnulöggjöf. Verkafólk, takið þessa ályktun til umræðu á vinnustöðum ykkar og búist til baráttu gegn vinnulöggjöfinni. Verkafólk í öðrum fagfélögum en Dagsbrún: Berið upp samhljóða ályktanir á félagsfundum í ykkar félögum og skapið umræðu um þetta mál.

ÁLYKTUN DAGSBRÚNARFUNDAR

Aðalfundur Dagsbrúnar, haldinn 23.5. 1976, mótmælir harðlega framkomnum hugmyndum um þreytingar á núverandi vinnulöggjöf og telur, að þær miði allar að því að skerða sjálfsögð réttindi verkafólks. Fundurinn hvetur alla Dagsbrúnarmenn til að standa saman í þessu máli og vera reiðubúna að berjast til þrautar gegn öllum aðgerðum ríkisvaldsins til að skerða réttindi verkalýðsins.

Til baráttu á grundvelli stéttabaráttu

Kommúnistaflokkur Íslands (m-l) er sameiningarafl allra framsækinna afla á Íslandi. Efling flokksins er höfuðverkefni allra andstæðinga stéttasamvinnu og heimsvaldastefnu, þess vegna skorum við á alla þá sem vilja berjast gegn kúgun auðvaldsins í öllum þess myndum að taka þátt í uppbyggingu flokksins.

Útfyllið reitinn hér fyrir neðan og sendið til KFÍ/ML, pósthólf 1357 Reykjavík

nafn: ______

heimilisfang: ______

kaupst./sýsla/: ______

atvinna: ______

Miðstjórn KFÍ/ML mun hafa samband við þá sem þess æskja.

„Flokkurinn verður að vera leiðandi í baráttunni"

Stb. hitti nýlega að máli Hauk Sigurðarson, sjómann af Hellissandi og lagði fyrir hann nokkrar spurningar:

Stb.: Hafa sjómenn á Nesinu komið vel út úr vertíðinni?

HS: Ekki enn sem komið er. Bæði hefur afli verið mjög lélegur og auk þess voru sjómannasamningarnir ekkert annað en kauplækkunarsamningar í raun. Með niðurfellingu sjóðakerfisins þá hækkaði fiskverð til muna og það þýddi lækkun skiptaprósentu. Í raun stóðu sjómenn í sama stað eftir sem áður. Aflarýrnunin hefur því orsakað beina launalækkun. Kauphækkunin var því ekkert annað en blekking forystunnar. Það var ekkert tillit tekið til fyrirsjáanlegs aflabrests sem þó Svarta skýrslan hafði bent á.

Stb.: Hver er kauptryggingin núna?

HS: Á bilinu frá 90 til 105 þúsund. Þessi kauptrygging er miðuð við 18 tíma vinnu á sólarhring og getur hver séð á því hversu svívirðilegt arðrán er um að ræða á sjómönnum. Nú voru samningarnir felldir á Snæfellsnesi. Það sem strandaði fyrst og fremst á var lækkun skiptaprósentunnar. Fiskverðið getur verið svo breytilegt og okkar besta trygging felst í því að við fáum sem hæsta skiptaprósentu. Þótt forystan hafi sætt sig við þessa svívirðu sýndu sjómenn annað og vildu standa fast á réttindum sínum. Sjómenn hafa fengið nóg af að láta skrifborðsforingjana ráðskast með lífskjör þeirra og vilja sjálfir taka málin í sínar eigin hendur.

Stb.: Nú tókst forystunni eigi að síður að brjóta verkfallið á bak aftur.

HS: Þetta var langt og strangt verkfall og farið að þrengja að mönnum. Það notfærði forystan sér og fékk verkfallinu frestað. Við það situr enn í dag. Nú róum við á þeim samningum sem við felldum og eru alveg óvissir um kjör okkar framvegis. Þetta ætti að sýna okkur nauðsyn þess að við tökum málin í eigin hendur. Það er kominn tími til að starfandi sjómenn taki forystuna í málefnum sjómanna.

Stb.: Hvernig er andinn í sjómönnum á Nesinu eftir þetta?

HS: Óánægjan er mikil og almennt vilja sjómenn að stofnað sé sérstakt sjómannasamband fyrir Snæfellsnes, svo við séum ekki háðir duttlungum og mútuþægni Reykjavíkurforystunnar. Í dag er mikil hreyfing í þá átt að dregið sé úr miðstjórnarvaldi verkalýðsforystunnar og samningarnir séu teknir heim í héruðin.

Stb.: Hvað á KFÍ/ML að leggja upp í starfinu meðal sjómanna á næstunni að þínu áliti?

HS: Hann verður að vera leiðandi í baráttunni gegn miðstýringu og stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar. KFÍ/ML verður að gera kröfur sjómanna að sínum og baráttu þeirra að sinni baráttu. Aðeins með slíku einlægu starfi getur hann unnið stuðning þeirra og staðið undir nafni sem sannur verkalýðsflokkur.

-/MVS

Láglaunaráðstefnan

Ráðstefna um kjör láglaunakvenna var haldin á Hótel Loftleiðum 16. maí sl.

Þau félög sem stóðu að ráðstefnunni voru Rsh, Sókn, ASB, Framtíðin Hafnarf., Iðja, SFR, og VR. Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar verkakvennafélaga utan af landi. Ráðstefnan var öllum opin og var hún hugsuð sem framhald af láglaunaráðstefnunni sem haldin var í Lindarbæ fyrir rúmu ári síðan.

Um 200 manns sóttu ráðstefnuna og voru konur í yfirgnæfandi meirihluta. Baráttuhugur var í þeim.

Samþykktar voru fjölmargar ályktanir.

Ráðstefnan ályktaði m.a. að þau mál sem hingað til hafa af mörgum verið talin baráttumál kvenna eingöngu, svo sem atvinnuöryggi, dagvistunarmál, fæðingarorlof, athvarfs- og atvinnuleysi unglinga, væru hagsmunamál allrar alþýðu og yrðu konur og karlar innan verkalýðshreyfingarinnar að berjast fyrir þeim hlið við hlið.

Ályktun um kjaramál

"Undangengin ár hefur kaupmáttur launa hjá heilum starfsgreinum hrapað langt niður fyrir framfærslukostnað, þannig að yfirgnæfandi meirihluti íslensks launafólks telst nú láglaunafólk. Atvinnurekendur reyna að velta kreppunni yfir á herðar launafólks til þess að halda óskertum gróða. Ráðstefnan mótmælir harðlega að launafólk beri byrðar kreppunnar og krefst fullra vísitölubóta á öll laun fyrir 40 stunda vinnuviku."

Tekið var fyrir mál afgreiðslustúlkna í mjólkurbúðum, en nú stendur fyrir dyrum að leggja niður mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar að undirlagi kaupmanna og Samsölunnar. Samsalan telur sig ekki græða nóg á búðunum og matvörukaupmenn vilja ólmir fá mjólkina til sín.

Þetta kalla þessir aðilar hagræðingu, en fyrir hverja er hagræðingin? Hún stjórnast eingöngu af gróða sjónarmiðum. Afleiðingarnar verða þær, að um 160 konur verða atvinnulausar og þjónusta við neytendur versnar.

Ráðstefnan krefst þess að mjólkurdreifing haldist óbreytt og mótmælir harðlega að þessar konur, sem flestar hafa starfað í mörg ár og eru komnar á efri ár - þannig að möguleikar þeirra í samkeppninni á vinnumarkaðnum eru mjög litlir - verði sviptar atvinnu og félagslegum réttindum og hvetur að auki verkalýðshreyfinguna til að veita þessum konum öflugan stuðning.

Ráðstefnan lýsti yfir stuðningi við kröfur herstöðvaandstæðinga. Ísland úr Nato - herinn burt. Einnig lýsti hún yfir stuðningi við kröfur námsmanna um námslán á réttlátum kjörum, sem nægðu til framfærslu.

Þessi ráðstefna markaði spor í rétta átt, þar sem hún gaf láglaunakonum tækifæri til að koma saman, ræða stöðu sína í þjóðfélaginu og þau kjör sem þær hafa orðið að búa við - og hefur hún tvímælalaust stuðlað að aukinni stéttarvitund.

Þeir annmarkar voru á ráðstefnunni að teknir voru fyrir í hópum 8 málaflokkar, sem gerði það að verkum að ekki var hægt að fjalla um neitt mál til hlítar eða ræða baráttuaðferðir. Það hefði verið árangursríkara að taka fyrir færri málaflokka og gera þeim ítarlegri skil.

Láglaunafólk. Höldum baráttunni áfram!

Virkjum félaga okkar í stéttarfélögunum með umræðum og vinnustaðafundum!

Afhjúpum ASÍ-forystuna og byggjum upp sósíalíska verkalýðshreyfingu!

-/ME

Framhald af forsíðu

Vinnulöggjöfin

lýðsfélögunum. Þetta eru hugmyndir burgeisanna um lýðræðið, einfaldur meirihluti fær ekki að ráða málum eigin félags. En fleiri atriði voru á dagskrá, eitt þeirra var að boðun verkfalla yrði svo flókin að það tæki minnst hálfan mánuð að boða það. Í bæklingi sem gamli Kommúnistaflokkurinn gaf út segir um þetta:

"Nú dettur einhverjum meðlim í verkalýðsfélagi, sem er innan Alþýðusambandsins, í hug að bera fram tillögu um verkfall á fundi í félagi sínu og verður hann þá fyrst að fá Alþýðusambandið til að skrifa Vinnuveitendafélaginu ábyrgðarbréf og tilkynna því hvað maðurinn hefur í hyggju. Má verkfallið, þó samþykkt verði, ekki undir neinum kringumstæðum byrja fyrr en liðnir eru fullir 14 sólarhringar frá því, að slíkt bréf var sett í póst. Skrifi Alþýðusambandið bréfið getur maðurinn borið upp tillöguna í félagi sínu. Ef félagið samþykkir hana með minnst 3/4 atkvæða, verður aftur að fá Alþýðusambandið til að skrifa Vinnuveitendafélaginu tilkynningu um það og má verkfallið þá enn eigi byrja fyrr en 7 sólarhringum eftir að þetta síðara bréf var sett í póst."

Núverandi löggjöf gerir ráð fyrir 7 daga fresti, en það er augljóst að því lengri sem fresturinn er, þess betur getur atvinnurekandinn undirbúið sig og þannig staðist betur gegn kröfum verkafólksins. Stutt, fyrirvaralaus verkföll eru skæðustu vopnin sem verkalýðurinn hefur til að knýja fram umbætur og launahækkanir. Verkföll sem tekur langan tíma að boða og þannig vel undirbúin af hálfu auðvaldsins verða tilgangslaus og til þess að þreyta verkalýðinn. Nýjustu tillögurnar sem nú eru trúnaðarmál ASÍ-forystunnar og auðvaldsins, ganga mjög langt í þessum efnum. M.a. er þar gert ráð fyrir að ráðherra hafi vald til þess að fresta verkfalli í allt að tvo mánuði. Það er augljóst hverjum slíkt er í hag.

Hvernig á að berjast gegn vinnulöggjöf auðvaldsins?

Árið 1942 gerði ríkisstjórn auðvaldsins tilraun til þess að setja lög sem bönnuðu öll verkföll og kauphækkanir. Þau lög stóðu aðeins í sjö mánuði. Með víðtækri baráttu, fyrst og fremst með skæruverkföllum tókst verkalýðnum að brjóta þau á bak aftur.

Baráttan núna gegn vinnulöggjöfinn verður að miða að því að hindra allar breytingar og snúa vörn í sókn. Nú er það auðvaldið sem sýnir klærnar og hyggst skerða réttindi verkafólks. Þessari árás getur verkalýðurinn best svarað með því að hefja gagnsókn - slá á hramm borgarastéttarinnar. Ef ríkisstjórnin leggur frumvarpið fyrir þing þá verður verkafólk að undirbúa allsherjarverkfall gegn samþykkt frumvarpsins.

Sóknin ætti ekki einungis að miða að því að hindra framgang nýrrar vinnulöggjafar - verkalýðurinn ætti að ganga feti framar og hefja sókn til þess að breyta núgildandi löggjöf verkalýðnum í hag.

FRAM TIL BARÁTTU GEGN VINNULÖGGJÖF OG GERÐARDÓMUM AUÐVALDSINS.

GEGN RÍKISAFSKIPTUM AF KJARASAMNINGUM.

Framhald af forsíðu

ASÍ - forystan

Ekkert samráð haft við verkalýðshreyfinguna.

ASÍ-forystan sendir frá sér hverja mótmælayfirlýsinguna á fætur annarri vegna kjaraskerðingaárása ríkisstjórnarinnar, hún dreifir upplýsingabæklingi, þar sem hún skýrir út afstöðu sína til verðhækkananna, hún hneykslast á banni útvarpsráðs við auglýsingu hennar, hún hótar að segja upp samningum vegna síðustu aðgerða ríkisstjórnarinnar og grípa til verkfallsvopnsins, en hefur nú fallist á þær, aðeins með því skilyrði, að sá hluti vörugjaldsins, sem ganga átti til eflingar landhelgisgæslunnar og fiskverndunar yrði tekinn inn í vísitöluna. Það er gott og blessað að senda frá sér mótmælayfirlýsingar og hafa í frammi hótanir, en einu gleyma þessir fulltrúar verkalýðsins - þeir gleyma því nefnilega að hafa samband við umbjóðendur sína: verkalýðsstéttina. Þeir hirða ekkert um að kanna hug verkalýðsins til þessara árása ríkisstjórnar og auðvaldsins á kjör hins almenna launþega. Nei, þess í stað eru málin rædd og leyst í sátt og samlyndi við auðvaldið á bak við tjöldin. Og þetta kallar forseti ASÍ, Björn Jónsson, mikinn "...sigur fyrir Alþýðusambandið og baráttu þess fyrir því, að kjarasamningarnir verði haldnir." (Alþ.bl. 5.5. '76)

Alþýðuvöld - í hverra þágu?

Að undanförnu hefur forysta ASÍ, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks mikið talað um alþýðuvöld, um pólitíska samstöðu þessara afla og forystu. Hvað eiga þessir menn við með alþýðuvöld: KFÍ/ML hefur margsinnis bent á, að alþýðan geti því aðeins náð völdum á Íslandi og haldið þeim með aðferð vopnaðrar valdbyltingar. Er það sú leið sem forystumenn ASÍ, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks ætla sér að fara? Starf þeirra og stefna innan verkalýðshreyfingarinnar sýnir að svo er ekki; þvert á móti hefur stefna þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar mótast af örgustu íhaldssemi, því að halda sjálfir um stjórnarvölinn, án virkrar þátttöku verkalýðsfjöldans. Þeirra "alþýðuvöld" byggjast aðeins á atkvæðaveiðum fyrir kosningar og að geta sjálfir matað krókinn, þegar á ráðherrastólana er sest.

Gylfi Þ. Gíslason lýsir þessu á mjög afhjúpandi hátt í samtali við Vísi 4. maí s.l. Þar skýrir hann frá hugmynd sinni um nýsköpunarstjórn, þ.e.a.s. samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, sem yrði færari um að leysa efnahagsvandann, að mati Gylfa. Það er fljótlegt að gera sér grein fyrir hvaða hlutverki slík stjórn eigi að gegna. Sjálfstæðisflokkurinn á náttúrulega að framkvæma kjaraskerðingarnar, en Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið að sætta verkalýðinn við þær og hafa þannig betra taumhald á honum.

Höfnum forystu stéttasamvinnupáfanna.

Verkalýðsstéttin getur ekki unað við forystu þessara stéttasamvinnupáfa í kjarabaráttunni né heldur pólitískri forystu þeirra. Það sýna gjörðir þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar, svo og á alþingi, þegar þeir hafa setið í ríkisstjórn. Verkalýðsstéttin þarfnast verkalýðsfélaga sem eru raunveruleg baráttutæki í höndum óbreyttra baráttufúsra verkamann, en ekki einhverra skrifstofumanna og embættismanna, sem eru á jötu hjá auðvaldinu. Verkalýðsstéttin þarfnast pólitískrar forystu, sem hefur að markmiði afnám þess misréttis, sem auðvaldsþjóðfélagið getur af sér og uppbyggingu sósíalísks þjóðfélags, þar sem hinn vinnandi maður drottnar sjálfur yfir atvinnutækjunum. Slíkt forystuafl getur aðeins verið Kommúnistaflokkur Íslands.

SJÓ

Ingólfur Jónsson hugsar um allra hag

Ingólfur Jónsson, fyrrverandi ráðherra og núverandi formaður Zjálfstæðisflokksins lýsti sig fylgjandi breytingum á vinnulöggjöfinni fyrir skömmu. "Engum dettur í hug - að sögn Ingólfs - að breyting á vinnulöggjöf þjóðarinnar (fráleitt, þetta er vinnulöggjöf auðvaldsins. /innsk. hh) verði raunhæf eða til góðs nema sanngirni verði ráðandi og hagsmunir allra aðila vinnumarkaðarins og þjóðarinnar í heild hafðir í huga, þegar breyting er gerð". "Að sjálfsögðu er um margar breytingar að ræða, sem til greina gætu komið. Þó er ein sérstaklega mikilvæg, sú að láta sáttasemjara ríkisins fá vald til þess að fresta verkföllum um tiltekinn tíma" (Mbl. 20.5. undirstr. Mbl.)

Það er vissulega mikil sanngirni að fresta verkföllum þegar málið er skoðað frá sjónarhóli burgeisanna. Mesta sanngirnin fælist auðvitað í því að banna þau algjörlega. En svo sanngjarn er ekki Ingólfur.

Og þó... Ingólfur segir síðar í ræðu sinni að ef þessar breytingar næðu fram að ganga "þá yrðu veiðiskipin ekki látin vera í höfn um aðalbjargræðistímann." Þ.e. verkalýðurinn fær ekki að fara í verkföll þegar honum hentar, sáttasemjari myndi banna það.

Verkfall iðnnema á Akureyri



Tómas Guðmundsson:"Baráttan snérist ekki minna um það að að fá okkur viðurkennda sem samningsaðilja um eiginkjör en hún snérist um hærri laun."

Eins og fram hefur komið í Stéttabaráttunni neitaði Félag iðnnema á Akureyri að viðurkenna samningana sem INSÍ undirritaði við VSÍ á Loftleiðahóteli á þeim forsendum að INSÍ hefði ekki umboð til að semja fyrir hönd félagsins. Staða iðnnema gagnvart samningum um kaup og kjör er slík, að þeim er algerlega meinað að hafa nokkuð að segja varðandi kröfugerð eða samninga. Menntamálaráðherra sem samkvæmt lögum hefur yfirumsjón með iðnfræðslu felur ASÍ og VSÍ að skammta iðnnemum úr hnefa kaup og kjör. Eðlilega eru iðnnemar mjög óánægðir með þetta og víða hafa þeir hafið baráttu, misjafnlega öfluga, fyrir rétti til að semja um eigin kjör.

Stéttabaráttan hitti að máli þá Tómas Guðmundsson og Jón Jóhannsson sem báðir eru vélvirkjalærlingar í Slippstöðinni á Akureyri. Jón er varaformaður Iðnnemafélags Akureyrar og Tómas er í stjórn Iðnnemasambands Íslands. Þeir röktu þá baráttu sem iðnnemar í Slippstöðinni hafa háð að undanförnu:

Stb.: Hver var útkoma ykkar úr síðustu allsherjarsamningum?

- Fyrir síðustu allsherjarsamninga fengum við kaup og kjör samkvæmt tveimur samningum: Annars vegar almennu samningunum og hins vegar svokölluðum viðaukasamningi. Þessi viðaukasamningur viðurkenndi ekki rétt okkar til fæðis- og ferðapeninga auk launanna sem við fengum samkv. almennu samningunum. Við síðustu samninga voru þessir tveir samningar sameinaðir og þá varð útkoman sú, að við lækkuðum í launum samkvæmt krónutölu. Til að mótmæla þessu samþykktum við þessa ályktun sem "felldi" samningana, en í raun getum við ekki fellt samninga því við höfum ekki samningsrétt. Að lokinni samningagerðinni kom starfsmannastjóri Slippstöðvarinnar með rammasamning fyrir okkur sem hljóðaði upp á 7. taxta Einingar fyrstu 2 árin, en 1. árs sveinataxta þriðja og fjórða árið. Við vorum ekki alls kostar ánægðir með þetta, því 1. árs sveinataxti er aðeins til á pappírnum en er hvergi borgaður, og auk þess þótti okkur alls ekki nægilega mikið að fá 7. taxta Einingar fyrstu tvö árin. Við komum því með gagntilboð, sem hljóðaði upp á 8. taxta Einingar fyrstu tvö árin, 1. árs sveinataxta þriðja árið og þann taxta plús 20% smiðjuálag 4. árið. Í eftir- og næturvinnu fórum við fram á 1. árs sveinataxta fyrstu tvö árin og seinni tvö árin með smiðjuálagi. Fyrirtækið kom strax til móts við okkur um 8. taxta Einingar fyrstu 2 árin og 1. sveinataxta 3. árið, en það vildi aðeins borga smiðjuálagið síðustu 4 mánuði 4. ársins.

- Viðræðunefnd okkar hafði ekkert samningsumboð, en eftir að hafa ráðið ráðum okkar komum við okkur saman um að standa fast á þeim kröfum sem mótaðar höfðu verið. Við vorum alls 22 sem stóðum saman um þetta, en nokkrir fleiri voru með í dæminu þó að þeir væru ekki við vinnu heldur í skólanum.

- Lokatilboð forstjóra fyrirtækisins hljóðaði upp á að hann myndi borga síðustu sex mánuði námstímans á 1. árs sveinataxta plús 20%, og hann sagði að sér yrði ekki hnikað lengra.

Þessar viðræður tóku nokkurn tíma, svo það var komið fram yfir páska þegar við ákváðum að fara út í aðgerðir til að knýja á um okkar kröfur. Þann 26. apríl héldu iðnnemar í Slippnum fund þar sem samþykkt er verkfallsyfirlýsing sem 35 iðnnemar undirrituðu þar sem ákveðið var að leggja niður vinnu kl. 13.15 þann dag ef ekki yrði komið til móts við kröfu okkar.

Forstjóri fyrirtækisins brást hinn versti við verkfallsyfirlýsingunni og sagði hana ólöglega á allan hátt og sagði að hann hefði ekkert við okkur að tala meira. Við lögðum niður vinnu eftir hádegið eins og ákveðið hafði verið og héldum þá fund. Forstjórinn mætti á þann fund og það var mikil kergja í honum. Hann sagði að annaðhvort yrðum við að beygja okkur eða hann að víkja. Hann setti stöðu sína að veði fyrir því að brjóta aðgerðirnar á bak aftur. Líka lét hann að því liggja að ef við hæfum ekki vinnu þyrftum við ekkert að mæta til vinnu aftur.

Stb.: Hvernig unnuð þið að því að kynna verkfallið og efla samstöðuna ykkar á meðal?

- Við héldum með okkur fund þar sem við létum á nýjan leik greiða atkvæði um hvort menn væru ekki sammála að halda verkfallinu áfram, og allir nema fjórir voru á því að verkfallið væri rétt leið og við samþykktum þar að standa allir sem einn maður. Þó var greinilegt að samstaðan var heldur að linast gagnvart hótunum forstjórans. Við unnum að því að kynna verkfallið með því að safna stuðningsyfirlýsingum meðal annarra verkamanna og iðnaðarmanna í Slippstöðinni. Þar fengum við dræmar undirtektir, og aðeins 8 af hartnær 200 sem vinna í Slippstöðinni skrifuðu undir stuðningsyfirlýsinguna. Líka sendum við út fréttatilkynningu til allra dagblaðanna og Akureyrarblaðanna og til útvarps og sjónvarps. Aðeins tvö blöð birtu hana en öll stærstu blöðin og ríkisfjölmiðlarnir minntust ekki á hana. Þá fórum við með dreifbréf í öll stærstu fyrirtæki Akureyrar og kynntum málstað okkar og hvöttum iðnnema til samstöðu. Við fengum fremur góðar undirtektir meðal þeirra.



Jón Jóhannsson:"Við unnum að því að kynna verkfallið og safna stuðningsyfirlýsingum, jafnt meðal vinnufélaga okkar í Slippstöðinni og meðal annara iðnnema í bænum".

Stb.: Reyndi forstjórinn ekkert til að kynna sitt sjónarmið?

- Jú, hann gaf út dreifibréf til starfsmanna Slippstöðvarinnar þar sem hann sagði frá þessu frá sínu sjónarhorni og var þar að okkar mati mikið hallað réttu máli. Upp úr hádegi á þriðja degi verkfalls var farið að bera nokkuð á óróleika meðal verkfallsmanna og það var greinilegt að harka forstjórans og litlar undirtektir við kröfur okkar drógu kjarkinn úr sumum. Til að koma í veg fyrir að verkfallið rynni út í sandinn sendum við viðræðunefndina á fund starfsmannastjórans til að reyna að skapa viðræðugrundvöll að nýju. Við féllumst á að slaka nokkuð á kröfum okkar ef fyrirtækið kæmi til móts við okkur. Starfsmannastjórinn sagði það lítið þýða, forstjórinn myndi ekki gefa sig, og hann færi aldrei hænufeti lengra en lokatilboð hans hljómaði. Þegar viðræðunefndin kom til baka af fundinum var brostinn flótti í liðið og 4 iðnnemanna voru byrjaðir að vinna, en þeir unnu hægt og skiluðu engum afköstum.

Eftir vinnu boðaði forstjórinn starfsmenn fyrirtækisins á fund, þar sem hann útskýrði sína afstöðu til málsins, og sannast að segja talaði hann alla á sitt band. Þrátt fyrir að við reyndum að útskýra okkar afstöðu til málsins þýddi það ekkert því að lokinni ræðu forstjórans gengu allir út. Eftir sátum við átta iðnnemar sem vildum halda þessu til streitu, en þá voru aðrir búnir að samþykkja að taka upp vinnu á nýjan leik. Við sáum þá að orrustan var töpuð og ekki var um annað að ræða en að ganga að "sakaruppgjöf" forstjórans og taka tilboði hans.

Stb.: Hvaða lærdóma getum við dregið af þessu verkfalli? Hvað olli því að sigur vannst ekki?

- Tvímælalaust var það samstaðan sem brast, bæði meðal okkar sjálfra og meðal þeirra sem hefðu átt að styðja okkur. Hefði samstaðan ekki brugðist má fullvíst teljast að við hefðum unnið sigur, því okkur var í lófa lagið að tefja framleiðsluna svo, að fyrirtækið hefði orðið að gefast upp fljótlega. En á vissan hátt varð reynsluleysið okkur að falli. Þetta er í fyrsta skipti sem okkur er kunnugt um að iðnnemar hafi farið í verkfall, og það er von okkar, að þrátt fyrir að við höfum beðið ósigur í þetta skipti, að þetta verði upphafið að harðari baráttu iðnnema fyrir réttindum þeirra. Baráttan snerist ekki minna um að fá okkur viðurkennda sem samningsaðilja um eigin kjör en hún snerist um hærri laun.

Stéttabaráttan tekur undir lokaorð þeirra félaga og hvetur alla til að styðja réttmæta baráttu iðnnema fyrir réttindum sínum.

-/ÓI

Hvað eigum við að læra?


Það er ekki til sá menntaskóli kennaraskóli eða annar "æðri" skóli að hann hafi ekki námsskrá er tilnefni lið fyrir lið í hverju námið sé fólgið og hvað eigi að læra, hvenær og hvernig. Í sumum menntaskólum er þetta orðið gífurlega fullkomið, tölvuunnið og skipulagt fleiri ár fram í tímann, þannig að þegar nemandi kemur í skólann getur hann fengið námslýsingu fleiri ár fram í tímann og allar upplýsingar um tilhögun námsins. Svona er þetta líka við Háskólann.

En iðnnemar hafa ekkert slíkt Þeir láta skrá sig í iðnnám, og fá þá yfirlit yfir hvað þeir komi til með að læra í Iðnskólanum, en hvað þeir eigi að læra í verklegu er ekkert til um. Í flestum iðngreinum vantar námslýsingu fyrir verklega námið. Bein afleiðing þessa er sú, að iðnnemar er oftast fyrst og fremst notaðir sem ódýrt vinnuafl og þeir látnir vinna sömu verkin við sömu vélina allan námstímann. Síðan mánuði fyrir prófstykki er troðið í þá því nauðsynlegasta sem þeir verða að kunna til að falla ekki á prófinu. Þetta gerir meistarinn fyrst og fremst til að valda ekki sjálfum sér útgjöldum, því hann er skaðabótaskyldur er nemi fellur á prófstykkinu.

Yfirvöld hafa borið við alls konar afsökunum fyrir að láta ekki gera námslýsingu fyrir iðnnema, allt frá fjárskorti til tímaskorts. Því hefur verið haldið fram að iðnfræðsluráð fylgist með iðnnámi allra iðnnema og láti koma til sinna kasta ef vanrækt er að kenna þeim. En svona er þetta ekki í raunveruleikanum. Iðnfræðsluráð er ekkert annað en skriffinnskustofnun sem kvittar fyrir allt, hvort sem nemarnir læra eitthvað eða ekki.

Það er réttlætiskrafa allra iðnnema að fá námslýsingu strax! Við sættum okkur ekki við að vera alltaf settir út undan við lagfæringar á fræðslulöggjöf og vera ofurseldir meistarakerfi sem gefur kost á að misnota okkur sem ódýrt vinnuafl. Iðnnemar, fram til baráttu!

Iðnnemi.



Iðnnemarnir gáfu út dreifirit og fréttatilkynningar til að kynna baráttuna og afla henni stuðnings.

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Í Rauðu stjörnunni færðu bækurnar og blöðin sem þig hefur vantað. Auk þess er þar mikið úrval af hljómplötum og veggsjöldum.

RAUÐA STJARNAN
Lindargötu 15, Rvík
Pósthólf 1357

Bókabúð

Yfirlýsing

Aðgerð iðnnema er leyst upp og töpuð. Ljóst var seinni partinn í gær, að samstaðan hafði veikst svo að grundvöllur áframhaldandi aðgerða var brostinn.

Aðgerðin var tilraun til að fylgja eftir kröfu um lítilsháttar leiðréttingu á bágbornum kjörum iðnnema, og jafnfram tilraun okkar til að heimta viðurkenningu sem samningsaðili gagnvart atvinnurekanda.

"Réttur" okkar er annars sá, að þiggja krónulækkanir frá samningum INSÍ (meðallaun ca. 56.000 krónur á mánuði miðað við unninn tíma - samið var án fyrirvara), eða þiggja það, sem atvinnurekandinn skammtar af "manngæsku" sinni einni.

Í samræmi við það er "réttur" okkar að fá að hlusta á túlkun forstjórans á þessu máli öllu og föðurlegar fortölur án réttarins til andsvara. (Sem sagt nokkuð gott, eða hvað?).

Útkoman og lærdómar

Með góðri samstöðu um kröfugerð og hótun um aðgerðir náðist u.þ.b. helmingur af kröfum okkar fram. En af hverju mistókst sjálf aðgerðin og hvaða lærdóma getum við dregið af því?

a) Innri sundrung í liði iðnnema. Þá greindi á um hvaða aðferðum bæri að beita og svo fór, að sumir voru í því að "slóra" þegar aðrir voru í verkfalli. Klofin aðgerð er dauðadæmd.

b) Í baráttunni sýndu sveinar málstað okkar afar takmarkaðan skilning (með heiðarlegum undantekningum þó), en áróðri forstjórans óhóflega mikinn. Líklega hefði verið árangursríkara að reyna fyrirfram að vinna fylgi sveinanna við aðgerðirnar og haga aðferðinni eftir því.

c) Aðstaða okkar iðnnema, sem og annars verkafólks, til að brjóta ísinn, er erfið þegar hefð er komin á að afgreiða öll kjaramál í embættismannabákni í Reykjavík.

Við iðnnemar þurfum að setja kröfur okkar hærra og efla baráttu okkar fyrir þeim. Látum ekki "yfirboðarana" sundra okkur!

Iðnnemar.

Ræða fulltrúa CPBML

Ástandið í Bretlandi

Félagar,

1. maí er dagur verkalýðsins í öllum heiminum. Hann er hátíð vorsins og hins nýja lífs. - Stofnun Kommúnistaflokks Íslands hlýtur vissulega að vera vonin um nýtt líf fyrir íslenska verkalýðsstétt.

Því er flokki okkar, Kommúnistaflokki Bretlands marxistar-lenínistar, það mikill heiðar að vera með ykkur á 1. maí. Það eru mikil forréttindi enskrar verkalýðsstéttar. Við þökkum ykkur fyrir. Við erum mjög þakklát. Við erum þakklát, því íslensk alþýða hefur haldið staðfastlega út á nýja braut - áleiðis til sósíalisma - til byltingar - til alræðis öreiganna.

Í dag stendur heimurinn á krossgötum - aðeins er um tvær leiðir að velja - leið kapitalismans og leið sósíalismans. Önnur leiðir til hnignunar, gjaldþrots, til fasisma, til styrjaldar: Hin er glæst - eina tryggingin fyrir raunverulegum og alhliða mannlegum framförum - fyrir þjóðlegu sjálfstæði og frelsi - það er leiðin til byltingarinnar.

Með stofnun flokks ykkar tekur heimurinn enn eitt stórt skref í átt að þessu marki. Það kennir öllum að bylting og sósíalismi er á dagskrá í öllum löndum.

Það eru margar ástæður fyrir því, að við þökkum ykkur, - ekki síst vegna þess að vináttan milli íslenskrar og enskrar alþýðu á sér langa sögu - en ekki aðeins vegna þess að við erum líka eyjaskeggjar og þekkjum til báta og fiskjar.

Meðal enskrar verkalýðsstéttar er mikil aðdáun á hugrekki íslenskrar alþýðu gagnvart bresku stjórninni - þrátt fyrir allar tilraunir af hennar hálfu til að falsa málin og koma sökinni á Ísland fyrir að taka það sem réttilega tilheyrir því.

Hvað sýnir hið svokallaða "þorskastríð" annað en einmitt gjaldþrot elsta heimsvaldaríkis veraldar? Hvaða önnur ríkjandi stétt - svo úrkynjuð og hrakin af baráttu verkalýðsins heima fyrir, sigruð í nýlendum sínum - hvaða önnur ríkjandi stétt gæti fundið ellimæði sinni og uppgjöf slíkan farveg, að senda herskip til að ræna og eyða fiskimiðum smærri þjóðar - þjóðar, hvers ríkisstjórn og auðvaldsstétt er meðlimur sömu hernaðarblokkar og hún sjálf? Þetta er hinsta örvæntingartilraun heimsvaldaríkis sem eitt sinn fór ránshendi um auðlindir heimsins, um fjársjóði heimsins, en fer nú yfirbugað til að níðast á Íslandi, aðeins til að geta sungið áfram "Britannia ræður úthafinu". Þeim mun líka mistakast þetta!



Roger Bibbings.

Samt sem áður erum það við, breska verkalýðsstéttin, sem verðum að taka við harðri gagnrýni fyrir að leyfa enskri ráðastétt að ógna sjálfstæði og auðlindum lands ykkar. Bretland á ekki að koma til Íslands á sjóræningjaskipum, heldur á hinu mikla skipi byltingarinnar. Ekki sem óvinur, heldur sem vinur. Ekki sem kapitalistar, heldur sem félagar í starfi.

Bæði Ísland og Bretland verða að öðlast þekkinguna um, að aðeins sósíalisminn getur bjargað löndum þeirra. Kapitalisminn mun eyða öllu. Ísland á auðævi í hafinu, sem verður að vernda og hlynna að. England á aðeins alþýðuna - verkalýðsstéttina. Þekking okkar, persónuleiki, heilsa, menntun - allt þetta verður fyrir árásum. Flokkur okkar hefur nýlega haldið fjórða þing sitt og við setjum okkur nú það mark að beina allri baráttu til byltingarinnar, til að bjarga Bretlandi frá kapitalismanum og koma valdi verkalýðsstéttarinnar á þar.

Hversu ólík sem skilyrðin eru í löndum okkar, erum við samt sameinuð í sameiginlegri baráttu til að verja alþýðu landa okkar með byltingunni. Þannig erum við sameinuð með sósíalískum öflum alls staðar - í Albaníu - í Kína - í Víetnam - í Kambódíu - í Kóreu - öll sameinuð af marxismanum - lenínismanum.

Lengi lifi sósíalisminn!

Lengi lifi vináttan milli íslensku og bresku þjóðarinnar!

Viðtal við félaga í CPBML

Stéttabaráttan notaði tækifærið, er Roger Bibbings, félagi í Kommúnistaflokki Bretlands m-l var hér á ferð í boði KFÍ/ML, og átti við hann eftirfarandi viðtal.

Sp. Stb: Hvað geturðu sagt okkur um ástandið í Bretlandi núna?

RB: Bretland er elsta auðvaldslandið. Einmitt af þeim sökum hefur heimskreppa kapitalismans náð afgerandi stigi þar. Í Bretlandi eru aðeins tvær stéttir - burgeisar og verkalýður - þeir sem eiga ekkert nema eigið vinnuafl til að selja og þeir sem arðræna vinnu annara. Í meir en tvö hundruð ár hefur barátta milli stéttanna geysað, ýmist hefur verið flóð eða fjara. Stétt okkar hefur aldrei hætt að berjast í verkalýðshreyfingunni sem við skópum, en jafnframt hefur hún ekki verið trú byltingarsinnuðu hlutverki sínu.

Sp. Stb: En hvers vegna hefur kreppan náð afgerandi stigi núna?

RB: Eftir að vinnulöggjafartillaga (Industrial Relations) fyrrverandi ríkisstjórnar var brotin á bak aftur hefur nýtt ástand skapast. Lagatillagan var tilraun til þess að handjárna verkalýðsfélögin með lögum. Baráttan gegn lögunum var háð undir leiðsögn þeirra hugmynda sem flokkur okkar og formaður okkar Reg Birch setti fram. Stuttu seinna var "verkalýðsstjórn" kosin. En ástandið hélst ekki óbreytt. Engin "verkalýðsstjórn" (þ. e. stjórn Wilsons/innsk. hh) getur snúið hlutunum til betri vegar. Auðvaldið gerir nú gagnárás sína með þessari ríkisstjórn. Baráttan gegn nýju vinnulöggjöfinni var til þess að verja réttinn til að gera frjálsa samninga sem eru í rauninni aldrei frjálsir, en nást aðeins með dýrkeyptri baráttu og eru aldrei óhultir fyrir árásum atvinnurekenda. En núna, sökum lítilla ítaka byltingarhugmyndanna, þá hefur verkalýðsstéttin reynt að sneiða hjá enn harðari, en byltingarsinnaðri baráttu gegn sjálfu auðvaldskerfinu - sem getur nú ekki stjórnað á sinn gamla hátt.

Sp. Stb: Geturðu skýrt þetta nánar?

RB: Svokallaður "þjóðfélagssamningur" (sosial contract) var samþykktur þar sem verkalýðsfélögin samþykktu að takmarka launahækkanir gegn því í fyrsta lagi að ríkisstjórnin sæi til þess að kaupmáttur launa héldist óbreyttur og seinna þegar ríkisstjórnin sveik þetta þá kröfðust verkalýðsfélögin þess að útgjöld til samneyslu yrðu ekki skorin niður. Eins og við höfum ætíð bent á þá er ekki hægt að gera samninga við auðvaldið. Þeir hafa verið brotnir af ríkisstjórninni aftur og aftur. Stórfeldur niðurskurður opinberra útgjalda er nú í gangi, aðallega eru útgjöld til mennta- heilbrigis og húsnæðismála minnkuð. Raunlaun hafa lækkað stórlega og atvinnuleysi nær nú til meir en 1 1/2 milljón manna. Eftir inngönguna í EBE hefur ekkert verið fjárfest í undirstöðuiðnaðinum, fjárfestingarnar eru gerðar erlendis til þess að losna við "óstýrláta" verkalýðsstétt heima fyrir. Samtímis grotnar iðnaðurinn niður, Bretland sem eitt sinn var "verkstæði heimsins" er að breytast í iðnaðarkirkjugarð þar sem mikill vöxtur er í fánýtum framleiðslugreinum og

framhald bls. 7

Framhald af forsíðu

1. maí

Á fundinum í Háskólabío kom fram fjöldi skemmtikrafta, þ. á m. Alþýðuleikhúsið, Örn Bjarnason, Október-söngsveitin, Olga Guðrún, Gísli og Arnþór Helgasynir o. fl.

Ganga Baráttueiningar var tvímælalaust mikill sigur fyrir hina marxisku-leninisku stefnu í verkalýðsmálum. Baráttueining sýndi að réttri baráttulínu er að vaxa fiskur um hrygg í æ fleiri málum og að endurskoðunnarstefna og trotskyismi eru á undanhaldi.



Ganga Baráttueiningar 1. maí.



Útifundurinn á Hótel Íslandsplani.

Sendiráðstakan í Kaupmannahöfn

Þann 6. maí sl. gekk 23ja manna hópur íslenskra námsmanna í Danmörku og Suður-Svíþjóð inn í sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Ásetningur hópsins var að dvelja einn sólarhring í sendiráðinu og mótmæla á þann hátt þeirri svæsnu árás gegn námsmönnum og íslenski alþýðu í heild sem felst í framkomnu stjórnarfrumvarpi til laga um námslán og námsstyrki.

Aðgerðir námsfólksins fóru fram á agaðan og skipulagðan hátt, og algerlega friðsamlega. Í upphafi var tilgangur aðgerðanna skýrður fyrir starfsfólki sendiráðsins, sem brást vel við og sýndi góðan samstarfsvilja þann tíma sem hópurinn dvaldi í sendiráðinu.

Í ályktun frá hópnum, sem send var með fjarrita sendiráðsins til íslenska utanríkisráðuneytisins, er gerð grein fyrir kúgunaraðgerðum íslenskra yfirvalda gagnvart námsmönnum, jafnframt því sem sýnt er fram á tengsl árásanna á námsmenn við yfirstandandi kjaraskerðingarsókn auðvaldsins gegn allri vinnandi alþýðu.

Ljóst er, að hin hörðu endurgreiðslukjör og vísitölubinding námslánanna, sem hið nýja frumvarp gerir ráð fyrir, eru liður í vísvitandi tilraun íslenskra valdhafa til þess að skera niður fjölda námsmanna á hinum yfirstandandi krepputímum auðvaldsframleiðslunnar, og auka þar með enn misrétti til náms. Að samþykktu þessu frumvarpi mun fólk úr alþýðustétt eiga miklu mun erfiðara en fyrr með að komast í langskólanám, konum mun fækka til muna í háskólanámi, og sömuleiðis mun fólk úr dreifbýli, úr sveitum og sjávarþorpum, eiga örðugra um vik að afla sér menntunar. Slíkar eru nokkrar af afleiðingum þessa erki-afturhaldsfrumvarps.

Hópurinn í sendiráðinu hafði sett sér ákveðna dagskrá, starfað var í starfshópum. m. a. var unnið að samningu "óþægilegra" spurninga, sem síðan voru sendar með fjarritanum til menntamálaráðherra. Um kvöldið voru einnig sungnir baráttusöngvar, og ríkti mjög góður andi meðal hópsins.

Kl. 14.00 daginn eftir inngönguna, hófst útifundur námsmanna við sendiráðið, og lauk sendiráðssetunni með því að hópurinn þar inni yfirgaf húsakynni sendiráðsins og sameinaðist fundarmönnum á útifundinum. Dvölin í sendiráðinu hafði þá staðið yfir í hartnær sólarhring.

Fjölmargar stuðningsyfirlýsingar hafa borist við aðgerðirnar, m. a frá Kommúnistaflokki Íslands m-l, Stúdentaráði Háskóla Íslands og EIK m-l. Einnig nutu aðgerðirnar stuðnings Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Sambands stúdentaráða við danska háskóla (DSF), heildarsamtaka danskra stúdenta.

Bændur og verkalýður

Þegar fjallað er um þátt smáborgara í byltingunni (hér á sérstaklega við bændur) og hvernig takast á að virkja þá fyrir hana, hlýtur það starf að vera tvíþætt. Í fyrsta lagi leiðbeiningar til þessarar sundurleitu stéttar vegna óvéfengjanlegra framtíðarhagsmuna einstaklinga hennar með verkalýðsstéttinni í sósíalismanum.

Í öðru lagi vissar tilslakanir og málamiðlanir verkalýðsstéttarinnar við þennan viðkvæma en mikilvæga bandamann, sem á stundum kunna að skerða lítillega stundarhagsmuni verkalýðsstéttarinnar.

Við marxistar-lenínistar höfum tekið afstöðu varðandi mikilvægi bandalags við bændur í byltingunni. Sú skoðun er ríkjandi að úrslit hennar kunni að ráðast af því hvort okkur tekst að mynda þetta bandalag. Ég tel engu að síður að mikill skortur sé á að við gerum okkur almennt grein fyrir, hvað felst í þessari skoðun. Félagar flokksins hafa mikið rætt um áróðursstarf meðal bænda og hvernig takast megi að opna augu þeirra fyrir framtíðarhagsmunum með verkalýðsstéttinni, en minna aftur á móti um hvernig takast má að vekja samúð og stuðning þeirra við baráttu verkalýðsins. Sá stuðningur verður ekki tryggður með loforðum einum saman um bjarta framtíð í sósíalismanum. Slíkt væri mikill skilningsskortur á eðli smáborgarastéttarinnar. Okkur mun ekki takast að tryggja okkur stuðning bænda nema við tökum þátt í baráttu þeirra og veitum þeim vissar tilslakanir.

Á undanförnum áratugum hafa farið fram stöðugar og umfangsmiklar æsingaraðgerðir í mörgum myndum, sem gegna því hlutverki að æsa bændur og verkamenn upp gegn hvorum öðrum. Þessar aðgerðir hafa verið framkvæmdar af ýmsum aðilum allt frá Sjálfstæðisflokknum með Vísi í broddi fylkingar, um Framsóknarflokkinn og SÍS, Alþýðuflokkinn og allt yfir til Alþýðubandalagsins og ASÍ.



Kenningarnar í þessum æsingum standa, eins og allir vita, hver gegn annarri, en hafa þó það sameiginlega hlutverk að halda bændum og verkamönnum sundruðum og tryggja völd borgarastéttarinnar. - Ég ætla ekki að fara að gera ítarlega úttekt á þessari fjandsamlegu starfsemi en ætla lítillega að benda á í hverju hún kemur fram að hluta og hvaða gagnaðgerðir þarf að viðhafa svo takast megi að hindra hana og áhrif hennar.

Í verkfallinu á dögunum var að finna mjög viðkvæman punkt í samskiptum verkamanna og bænda, þar sem bann við móttöku, vinnslu og dreifingu mjólkur var annars vegar. Það er mjög athyglisvert hvernig þetta atriði verkfallsins var notað til sundrungar. Hún náði hámarki í frumvarpi á Alþingi þar sem krafist var skerðingar á verkfallsrétti verkafólks í mjólkuriðnaði og dreifingu vegna afurðataps bænda. Verkalýðsforystan var ofsalega hörð í baráttu sinni gegn tilslökunum vegna hagsmuna bænda. Jafnframt var hún tilbúin til að sanna manngæsku sína með því að gefa undanþágu sjúkum og börnum. Jafnvel þessi undanþága var til að auka á óánægju bænda, þar sem þessi mjólk var tekin á fáeinum bæjum en á hinum fékk hún að súrna og eyðileggjast. Það er mín skoðun að stórhættulegt sé að sína bændum slíkt tillitsleysi sem þetta. Mjólkurbannið hafði engin úrslitaáhrif á gang samninganna, hins vegar gaf það öllum afturhaldsöflum byr í seglin til að hrekja bændur frá stuðningi við sanngjarnar kjarakröfur verkamanna. Verkalýðsstéttin hefur ekki aðeins efni á að veita bændum tilslakanir, heldur er það líka skylda hennar við sameiginlega framtíðarhagsmuni með íslenskum bændum í sósíalismanum.

Þá ætla ég að minnast lítillega á eitt "hagstjórnartæki" íslensku borgarastéttarinnar, en það eru niðurgreiðslurnar. Svo lengi sem niðurgreiðslur hafa verið stundaðar hafa þær orðið kjörið tækifæri til að etja bændum og verkamönnum saman. Þær hafa gefið hinum stórvirka afturhaldsarmi íslensku borgarastéttarinnar, heildsölunum í Sjálfstæðisflokknum, lausan tauminn til beinna árása á íslenska landbúnaðinn, þar sem þeirra hagsmunir eru að sjálfsögðu að leggja hann niður og flytja í staðinn inn landbúnaðarvörur erlendis frá.

Niðurgreiðslur eru túlkaðar á ýmsa vegu. Bændum er sagt að þær séu til að gera neytendum kleift að kaupa landbúnaðarvörur og séu því gerðar vegna neytendanna, sérstaklega verkafólks. Verkamönnum er sagt að þær séu gerðar vegna bændanna og að íslenski landbúnaðurinn sé ekki annað en sníkjudýr á þjóðarlíkamanum og verði þar af leiðandi að draga fram lífið á eilífum styrkjum og óhagkvæmum lánveitingum.

Við skulum ekki ímynda okkur að við getum látið hjá líða að taka afstöðu í þessu máli.

Með niðurgreiðslunum er hvorki verið að lyfta undir bændur eða verkamenn. Væri niðurgreiðslum ætlað það hlutverk að styðja við bakið á landbúnaðinum væru sveiflurnar í þeim háðar afkomu landbúnaðarins og hlytu óhjákvæmilega að tryggja og tengjast stöðugu verði á landbúnaðarvörum. Niðurgreiðslur sem gerðar yrðu fyrir neytendur (verkalýðinn) væru með nákvæmlega sama formi, það er þær myndu tryggja stöðugt verðlag þrátt fyrir sveiflur í landbúnaði. Ef við lítum á niðurgreiðslurnar eins og þær eru framkvæmdar sjáum við að þær eru ekki gerðar í þessu markmiði. Þær eru auknar eða minnkaðar í tengslum við allt aðra hluti, svo sem kjarasamninga ASÍ og VSÍ, eða önnur vandamál sem steðja að íslenska auðvaldsþjóðfélaginu. Það er einmitt þetta hlutverk, sem niðurgreiðslurnar hafa almennt. Breytingar á þeim beinast ýmist gegn bændum eða verkamönnum, fyrir bændur eða verkamenn, stundum í tengslum við verðhækkanir, stundstundum ekki. Allt eftir því hvernig hagsmunum borgarastéttarinnar er best borgið. Í hvert skipti sem þær eru auknar og minnkaðar eða teknar af, fela þær í sér rugling á hagkerfinu og jafnframt er hafin áróðursherferð til að æsa bændur gegn verkamönnum og öfugt.

Það er því að mínum dómi nauðsynlegt að berjast gegn öllum hringlanda með niðurgreiðslur. ASÍ-forystan er að framkvæma svik við verkalýðsstéttina þegar hún felst á takmarkaðar kaupkröfur vegna frystingar verðs landbúnaðarvara, sem fela í sér auknar niðurgreiðslur. Að túlka slíkt sem árangur í samningum eru tómar lygar, vegna þess að niðurgreiðslurnar eru teknar af og verðhækkanir skella á þegar síst skyldi.

Í ljósi fenginnar reynslu af hringlandanum með niðurgreiðslurnar ber okkur að setja fram kröfurnar um rétt verð fyrir landbúnaðarafurðir til bænda og laun til handa verkamönnum er geri þeim kleift að kaupa landbúnaðarvörur á því verði er íslenskur landbúnaður býður upp á.

Stuðlum að vaxandi samstöðu verkamanna og bænda.

Berjumst gegn hverjum þeim öflum er vilja íslenskan landbúnað feigan.

Stöndum saman gegn sérhverri viðleitni til sundrungar verkamanna og bænda.

Verum opin fyrir tilslökunum er stuðla að samheldni verkamanna og bænda.

Jón Atli Játvarðsson.

Lýðræðið í kaupfélögunum

Þegar maður kvartar undan því að maður ráði engu í kaupfélaginu sínu eða samvinnuhreyfingunni í heild er því hiklaust skellt framan í mann, að lýðræðið sé eins mikið og best verði á kosið og meira að segja bent á að hver og einn félagsmaður ráði nákvæmlega 1 atkvæði. Þetta sé ekki eins og í hlutafélögunum þar sem menn hafi atkvæðamagn í hlutfalli við þá fjármuni sem hann hafi lagt fram. Og athugi maður skipulagið niður í kjölinn sér maður strax að þetta er rétt, a.m.k. formlega.

Skipulagið er á þessa leið: Kaupfélaginu er skipt í deildir eftir búsetu. Algengasta tilhögunin er sú að íbúar hverrar sveitar séu í einni og sömu deild. Það er í gegnum þessar deildir sem félagsmenn hafa "áhrif" á stjórn og stefnu félagsins. Haldinn er aðalfundur deildarinnar á hverju ári. Þegar ársuppgjör kaupfélagsins er tilbúið leggur kaupfélagsstjórinn land undir fót með fríðu föruneyti og heimsækir hverja deild. Þar segir hann frá afkomu kaupfélagsins í þeim tón sem við á hverju sinni. Deildarmenn hlusta á af andakt. Svo er orðið gefið laust og nokkrir bændanna taka til máls. Fæstir hafa nokkuð við stjórn og stefnu að athuga en ef svo ólíklega fer, þá er það vegna þess að sá djarfi er kjósandi einhvers annars stjórnmálaflokks en Framsóknarflokksins, gjarnan sjálfstæðismaður því þeir "vilja veg kaupmanna sem mestan."

Á þessum fundum er kosinn til eins árs deildarstjóri og auk þess deildarráð. Hlutverk deildarráðs er lítið, það starfar aðallega að því að jafna niður sláturdögum á haustin. Deildarstjóri sækir auk þess einhvera fundi í höfuðstöðvum kaupfélagsins.

En auk þessa kýs fundurinn fulltrúa á aðalfund kaupfélagsins í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í deildinni. Á aðalfundinum, sem stendur oftast í 2 daga, eru allir reikningar félagsins lagðir fram, etinn matur, haldin skemmtun og kosnir menn í stjórn til þriggja ára. Notuð er sú regla að skipta um hluta stjórnar á hverju ári. Að vísu er sjaldnast skipt um menn. Eftir að maðurinn eru einu sinni kominni í þann virðingarsess, sem það þykir að vera í kaupfélagsstjórn, er hann þar kyrr þar til hann gerist gamall og þreyttur eða einfaldlega andast. Fyrir fáum árum stakk einn fulltrúi á aðalfundi Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík upp á því að sett yrði sú regla að enginn mætti sitja lengur í stjórn KÞ en 3 kjörtímabil (þ.e. 9 ár) í röð. Ekkert var því hins vegar til fyrirstöðu, skv. tillögunni, að kjósa þá aftur í stjórn að ári liðnu. Það ætlaði allt vitlaust að verða, að maðurinn skyldi voga sér að ráðast svona á kaupfélagsstjórnarmennina, og svo fór að þessi tillaga var felld.

Kaupfélagsstjórninn ræður framkvæmdastjóra félagsins, hinn svokallaða kaupfélagsstjóra, sem hefur yfirumsjón með rekstri félagsins. Hann hefur í raun mest vald í félaginu.

Yfirbygging hvers kaupfélags velur fulltrúa á fundi SÍS þannig að áhrif hinna einstöku félagsmanna samvinnuhreyfingarinnar á stjórnarval og stefnu SÍS eru mjög takmörkuð, ef þá er í rauninni rétt að tala um nokkur slík áhrif. Eins og kunnugt er eru kaupfélögin, SÍS og fjölmörg dótturfyrirtæki þeirra einhver stærsti atvinnurekandi í landinu. En það eru ekki hinir almennu félagsmenn í samvinnuhreyfingunni sem sitja þar í valdastólum, heldur ráð forstjóra og frímúrara.

Ekki verður svo skilið við grein um kaupfélög að ekki sé minnst á stofnsjóði og arðmiða. Hver sá sem verslar við kaupfélögin fær í hendur "arðmiða". Viðskiptavinurinn heldur þeim til haga og sé hann félagsmaður skilar hann arðmiðunum á skrifstofu félagsins. Á aðalfundi er ákveðið hvað gert skuli við tekjuafgang. Oftast nær eru greidd nokkur prósent í stofnsjóð félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra (þ.e. þá arðmiða sem þeir skila). Stofnsjóðurinn er bundinn á lágum vöxtum, að sjálfsögðu óverðtryggður eigandanum, þar til hann er dauður eða flytur brott af félagssvæðinu. Stofnsjóðinn notar kaupfélagið til fjárfestinga þannig að peningarnir eru verðtryggðir því. En stofnsjóðspeningarnir koma aftur á móti eiganda sínum ekki að neinu gagni, ekki einu sinni erfingjanum því verðbólgan sér fyrir þeim áður en til þess kemur. Á fundi í Menntaskólanum á Akureyri spurðum við nokkrir sveitamenn Gunnlaug P.Kristinsson, félagsmálafulltrúa KEA, út í þetta og gat hann ekki mótmælt þessu. Hann taldi hins vegar að ánægjan af því að horfa á uppbyggingu hins stóra atvinnurekanda og arðræningja, eiga meira að segja þátt í henni, kæmi þar margfaldlega á móti.

-/ING

Hættum að láta SIS plata okkur

Um allmargra ára skeið hafa bændur fengið greitt smánarlega lágt verð fyrir ullina. SÍS kaupir meirihlutann af ullinni og ræður ullarverðinu ásamt Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ullarverðið hefur verið svo lágt að margir bændur skeyttu því engu að hirða ull sína, jafnvel hefur það komið fyrir að einhverjir bændur trössuðu að rýa féð. Svipað verð hefur fengist fyrir ullina og það kostaði að rýja féð.

Í mars ákváðu SÍS og Framleiðsluráð landbúnaðarins að stórhækka verð á ull - til að nægjanlegt magn hráefnis fengist til vinnslu í verksmiðjur SÍS, en ullar-iðnaður SÍS stendur sem kunnugt er í miklum blóma. Þessi hækkun átti sér stað um leið og breytingar voru gerðar á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins til samræmis við launahækkun verkafólks í lok febrúar. En sagan er ekki búin. Til að mæta þessari ullarverðshækkun var verð kindakjöts hækkað þeim mun minna, þannig að í rauninni er ullarverðshækkunin einvörðungu tilfærsla sem kemur misjafnlega við bændur. Það er ljóst að sá bóndinn sem fær vel tví lembt þarf færri ær að eiga og hann tapar á þessari tilfærslu. Þannig er þessi hækkun ullarverðs of dýru verði keypt. Bændur, krefjumst sanngjarns verðs fyrir ull okkar án þess að kjötverð sé lækkað í staðinn. Látum ekki SÍS-auðhringinn plata okkur svona.

-/ING

Valdaránið í Argentinu stutt af endurskoðunarsinnum

Eins og menn muna frömdu her foringjar í Argentínu valdarán fyrir skömmu. Ástæða valdaránsins var þessi: Landið var í gífurlegri efnahagslegri og pólitískri kreppu. Verðbólgan var 300% á ári og landið skuldaði meira en 1 billjón dollara bandarískum og evrópskum bönkum. Barátta verkalýðsstéttarinnar færðist stöðugt í aukana og fjöldaverkföll lömuðu iðnaðinn hvað eftir annað. Heimsvaldaauðvaldið framkvæmdi því valdaránið til að halda verkalýðnum niðri og til að "halda vinnufrið." Valdaráninu var því stefnt gegn verkalýðsstéttinni. En hinn endurskoðunarsinnaði Kommúnistaflokkur Argentínu (KFA) studdi valdaránið einn fárra flokka og tekur í dag fullan þátt í baráttu fastistanna gegn verkalýðnum.

"Markmið herstjórnarinnar eru á margan hátt þau sömu og grundvallarmarkmið alþýðunnar" sagði í yfirlýsingu frá KFA. Í sömu yfirlýsingu er talað um herforingjastjórnina sem "skref fram á við" sem "stjórn af þeirri gerð sem alþýðan vill" o.s.frv. Þetta er sagt á sama tíma og öll lýðræðisleg réttindi eru brotin á bak aftur, mótmælaaðgerðir og verkföll bæld niður með hervaldi og leiðtogar verkalýðsfélaga handteknir. KFA hefur sérstaklega beitt sér við að leita uppi meðlimi Kommúnistaflokks Argentínu ml og annarra vinstri byltingarsamtaka og KFA gerði sig sekan um að ljóstra upp um leiðtoga verkfalls í Cordoba sem háð var í mótmæla skyni við valdaránið. Þessir leiðtogar sitja nú í fangelsum herforingjastjórnarinnar.

Kommúnistaflokkur Argentínu ml var búinn undir valdaránið, og mánuði fyrir það sagði í blaði þeirra, Transar: "Peronistastjórnin er ekki nýt ráðandi stétt til að leysa kreppuna.. Þess vegna bindur hún vonir sínar við valdarán." Marxistar-lenínistar afhjúpuðu líka endurskoðunarsinnana löngu fyrir valdaránið fyrir að leita eftir samstarfi við herinn og bjóða sig fram sem afl til að hjálpa til við að halda "stöðugleika" jafnt efnahagslega sem pólitískt. Þess vegna eru m-l-istar svo ofsóttir í Argentínu í dag.

-/ÓI (The Call 1/5 1976)

Framhal af bls. 5

Viðtal...

spákaupmennsku. Þessi þróun leiðir af sér minnkandi verkmenntun og hugvit verkalýðsins sem er uppspretta allra auðæfa á eyjunni okkar. Auðvaldið er að yfirgefa Bretland snýkjudýrið er að gera út af við gestgjafan.

Sp. Stb: Hvert er höfuðvandamálið sem breskur verkalýður stendur frammi fyrir að þínu mati?

RB: Eina hindrunin sem er í vegi verkalýðsstéttarinnar er hugmyndafræðileg. Einmitt vegna þess hve árangursrík kjarabarátta verkalýðsins hefur verið undanfarin ár þá hefur trúin á hægfara þróun og að hægt sé að "búa í sambýli" við auðvaldið og látið það styrkjast Þó að við getum sagt að dálítið hafi áunnist er það röng skoðun að hægt sé að "búa í sambýli" við auðvaldið. Sósíaldemókratíið er í dag algerlega dautt. Þessi stefna sem eitt sinn gekk út á baráttu innan auðvaldsþjóðfélagsins getur í dag á tímabili rotnunar þess, aðeins orðið stefna algerrar uppgjafar. Þetta er forleikur fasisma og stríðs.


Sp. Stb: Hvert er höfuðverkefni flokks þíns?

RB: Verkefni KFBml er að lyfta augliti verkalýðsstéttarinnar hvar sem við erum í baráttunni - gegn niðurskurðinum - gegn takmörkunum á samningsréttinum - gegn atvinnuleysinu - gegn árásum á lýðréttindin. Við munum hinsvegar ekki reyna að snúa þróuninni til baka og boða sáttir við auðvaldið þar sem það mun aldrei lifa í samskonar sambýli við verkalýðinn og áður fyrr. Nei, - við verðum að bjarga Bretlandi undan auðvaldinu með byltingu... Við lofum því að öll okkar barátta mun beinast í þessa átt. Með þeirri sannfæringu og þekkingu sem hefur þróast með flokki okkar í baráttunni mun stétt okkar sigra. Bylting í Bretlandi mun skekja heiminn.

CIA „andlitsupplyfting"

Undanfarna mánuði og raunar allt frá því að Watergate-hneykslið hristi og skók gjörvallt bandaríska samfélagið hefur verið gerð hver tilraunin á fætur annari til að fegra ásýnd hinnar illræmdu glæpastofnunnar CIA í augum heimsins. Þingnefndir bandaríkjaþings og ýmsar óháðar rannsóknarnefndir hafa dregið fram ýmislegt sem ílla þoldi dagsljósið: Tilraunir með ofskynjunnarlyf, morð á andstæðingum bandaríkjastjórnar, tilraunir með ýmiskonar óhugnanleg morðvopn, og síðast en ekki síst: njósnir um einkalíf ráðamanna í Washington. Viðbrögð stjórnvalda til þessa hafa verið á einn veg: Við vissum ekki hvað færi fram, okkur var það hulið að CIA stæði að baki einhverju misjöfnu. Þegar kom í ljós að CIA hefði gerst gróflega brotlegt við alþjóðasamskipti með afskiptum af innanríkismálum annara ríkja, með því að dæla fé til fasista og styðja á allan hátt afturhaldsöfl sem vinna gegn kommúnistum, fannst stjórninni komin tími til að fara að gera eitthvað í málinu. Málamyndahreinsanir voru settar af stað og sett lög sem tryggja áttu að stjórnvöld vissu hvað stofnunin aðhefðist. Sú saga var sett af stað að mistök CIA væri um að kenna misvitrum stjórnendum og því var lofað að "hemill yrði hafður á starfsemi stofnunarinnar í framtíðinni" og í raun væri CIA stofnun sem stuðlaði að friði og jafnvægi í heiminum og framvegis væri ekkert að óttast af hálfu stofnunarinnar. En alþýða heimsins veit hversu friðsöm stofnun CIA er, og hvað friður og jafnvægi er í augum bandarísku heimsvaldastefnunna Þessi "andlitslyfting" CIA er ekki annað en vanmáttug tilraun til að fela eðli CIA og raunveruleg markmið. Þó bandaríska heimsvaldastefnan eigi við djúptæka pólitíska kreppu að etja þá slævir það ekki útþennslustefnu hennar heldur þvert á móti eykur hana. Betur dulbúin leyniþjónusta þjónar því markmiði sínu betur.

-/ÓI



"Sérðu, hún er raunverulega mjög spök og friðsöm, og jafnvel hjálpsamleg."



... í Stuttu máli

ÍSLAND OG ALBANIA TAKA UPP STJÓRNMÁLASAMBAND:

Frá því var skýrt í fréttaskeyti frá ATA (Albanian Telegrphic Agencie) þ. 9/5 að Alþýðulýðveldið Albania og Lýðveldið Ísland hefðu ákveðið að taka upp stjórnmálasamband og skiptast á Sendiherrum. Stéttabaráttan fagnar þessu og við erum þess fullvissir að þetta muni enn styrkja vináttu íslenskrar og albanskrar alþýðu.

AUÐVALDSMENNING Í SOVÉTRÍKJUNUM:

Enn eitt merki þess að Sovétríkin eru gengin braut kapitalisma er uppkoma hundasnyrtistofa í Moskvu. Meðan atvinnuleysi fer vaxandi meðal sovéskra verkamanna og íbúarnir verða að standa í löngum biðröðum fyrir utan verslanir til að fá keypta einföldustu neysluvöru, er vel séð fyrir hundum hinnar nýju borgarastéttar. "Lærðir hárgreiðslumeistarar greiða fjórfætta vini yðar á þann hátt er þér kjósið" sagði framkvæmdastjóri einnar hundahárgreiðslustofunnar fréttamönnum.

FRAKKLAND: VAXANDI BYLTINGARBARÁTTA: Þrír franskir marxistar-leninistar hafa verið handteknir og ákærðir um að hafa reynt að endurreisa hinn marx-leniniska kommúnistaflokk Frakklands. Þessar handtökur eru þær fyrstu sinnar tegundar síðan 1968, en þá var flokkurinn bannaður og hóf starfsemi neðanjarðar. Handtökurnar sýna svo ekki verður um villst að borgarastétt Frakklands óttast starfsemi flokksins en honum vex stöðugt fiskur um hrygg, og ekki alls fyrir löngu hélt hann þing sem staðfesti að hann er í örum vexti. L'Humanite Rouge, málgagn franskra marxista-leninista hefur kallað framsækin öfl í Frakklandi til mótmælaaðgerða þann 8. maí til að mótmæla vaxandi fasisma ríkisstjórnarinnar.

CHILEANSKUR BYLTINGARMAÐUR MYRTUR: Byltingarsinnaði Kommúnistaflokkur Chile (PCR) skýrði frá því í málgagni sínu El Pueblo, að Guillermo Arevalo, verkalýðsfélagaleiðtogi og meðlimur í miðstjórn flokksins hefði verið pyntaður og síðan drepin af böðlum Pinochetstjórnarinnar. Arevalo dó hetjudauða, og þrátt fyrir pyntingarnar ljóstaði hann engu upp um starfsemi and-fasista í Chile.

Endurskoðunarsinnar styðja fasismann

Sovésku endurskoðunarsinnarnir eru ekki vandir að virðingu sinni þegar vopnasala er annars vegar. Eins og menn kannski muna, seldu sovétmenn vopn bæði til Nígeríu og Biafra á tímum Biafrastríðsins, þá gegnum leppfyrirtæki í Tékkóslóvakíu. Sama fyrirtæki, Omnipol, seldi vopn til Caetano í Portúgal til notkunar í nýlendustríðum hans. En nýjasta afrek sovétmanna á þessu sviði er vopnasala til Pinochet klíkunnar í Chile.

Það var franska blaðið Le Canard Enchaine sem afhjúpaði þessi glæpaverk, og gat lagt fram fullkomin sönnunargögn í formi kvittana og fylgibréfa. Þetta gekk þannig fyrir sig: Sovéskir T-54 skriðdrekar voru seldir til Chile fyrir sem svarar 19,5 millj. kr. stykkið. Salan fór fram í gegnum búlgarska fyrirtækið Kintex og skriðdrekarnir voru lestaðir um borð í skip í Rijeka í Júgóslavíu. En því miður fyrir sovétmenn varð skipið fyrir áföllum á leiðinni og þurfti að leita hafnar í Alsír þar sem franskir blaðasnápar komust á snoðir um málið. Eftir tveggja vikna viðgerð í Alsír hélt skipið áfram og sigldi með skriðdrekana til Chile.

Le Canard Enchaine birti líka afrit af faktúru, sem sýndi vopnasölu sovétmanna til falangistanna í Líbanon. Faktúran var dagsett 28. september 1973 og samkvæmt henni voru falangistum seldar 600 9 mm Browning skammbyssur af amerískri gerð. Söluverð var 57.000 dollarar og vopnin voru afhent í Beirút. Fyrirtækið sem stóð fyrir þessari sölu heitir INAR og er systurfyrirtæki Kintex sem seldi skriðdrekana til Pinochet. Hafi einhver áhuga á að kynna sér málið nánar, hafa þessi fyrirtæki sama heimilisfang: Anton Ivanovgata 66, Sofia, Búlgaría. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem sá um vopnasöluna heitir Botev.

-/ÓI (Kommunist nr. 4 1976, Le Canard Enchaine þ. 15/10, 22/10, 5/11, 12/11, 1975).

Rauður vettvangur Frá Lesendum Rauður vettvangur Rauður vettvangur FRÁ LESENDUM.

Sannur kommúnisti

Félagi Maó Tse-tung segir á bls. 281 í íslenskri þýðingu Rauða kversins: "Kommúnistar eiga ekki að smána pólitískt óþroskaða menn og sýna þeim lítilsvirðingu. Þeir eiga að vingast við þá, taka höndum saman við þá, sannfæra þá og hvetja þá til að sækja fram."

Grein nokkur birtist í 7. tbl Stb. undir fyrirsögninni "Kastljós". Þar var lýst með mikilli hæðni umræðum tveggja alþingismanna, þeirra Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar í sjónvarpsþættinum Kastljósi 19. mars sl. Því miður missti ég af umræddum sjónvarpsþætti en um greinina get ég sagt að mér fannst hún dauðaómerkileg. Enginn tilgangur nema að níða mennina og málstað þeirra. Greinina skrifaði einhver -/hh sem ég kann engin skil á. Samkvæmt lýsingum Maós á sönnum kommúnista getur þessi -/hh alls ekki verið kommúnisti. En öllum kommúnistum getur orðið á mistök, svo ég vitni aftur í Maó:

"Ef einhverjum verða á mistök í starfi sínu, þá á afstaða kommúnista til hans að vera sú að sannfæra hann til þess að hjálpa honum að breyta til og hefjast handa á nýjan leik. Hinsvegar eiga þeir ekki að víkja honum frá, nema hann sé óbetranlegur."

Við skulum vona að -/hh sé ekki óbetranlegur og að hann fylgi kenningum og lúti leiðbeiningum Maós framvegis.

-/AL, nemandi í Gagnfræðaskólanum í Neskaupstað.

Svar:

Blaðinu hefur borist grein frá fél. AL (14 ára) - við fögnum því og hvetjum fleiri til að feta í fótspor hans. Gagnrýni AL á skrif undirritaðs í 7. tbl. er góðra gjalda verð en hún fer samt á mis við mikilvægasta þátt málsins. Þegar Maó er að tala um pólitískt óþroskaða menn þá er hann ekki að fjalla um Gylfa Þ., Lúðvík né Geir Hallgrímss. Þessir menn eru allir "pólitískt fullþroskaðir" - þeir eru fullveðja fulltrúar fyrir borgaralega pólitík. Ég lít því þannig á þá að þeir hafi með starfi sínu og stefnu sýnt fram á að þeir fylgja ekki verkalýðnum að málum, og þess vegna er ekki hægt að "vingast við þá, taka höndum saman við þá, sannfæra þá og hvetja til að sækja fram." Þeir eru óforbetranlegir.

Það fólk sem Maó er að tala um er heiðarlegt alþýðufólk. Við þekkjum öll fjölda dæma um verkafólk sem hefur rangar skoðanir á ýmsum málum. Þær andstæður sem eru á milli byltingarsinna og fólksins eru sættanlegar andstæður og orð Maós eru leiðbeiningar um það, hvernig beri að meðhöndla þær.

En móthverfur (andstæður) milli borgaralegra stjórnmálamanna og verkalýðsins eru andstæður milli verkalýðsins og óvina hans. Kratismi Gylfa Þ. og Lúðvíks ásamt íhaldsstefnu Geirs eru borgaralegar stefnur og því í ósættanlegri andstöðu við verkalýðinn og hans hagsmuni.

Raunveruleg alþýðuvöld nást aðeins með byltingu - sem þýðir að verkalýðurinn skipuleggur sig til baráttu fyrir allt öðru en nokkrum ráðherrastólum í ríkisvaldi burgeisanna. Ég vona svo að félagi AL haldi uppteknum hætti og skrifi til blaðsins um það sem hann vill gagnrýna (auðvitað erum við ekki alltaf sammála gagnrýninni) og koma til betri vegar.

-/hh

1 maí Sauðárkróki
BERGMÁL STÉTTASAMVINNU

Sauðárkróki 1. maí. Á Sauðárkróki var haldin 1. maí samkoma á vegum Verkamannafél. Fram, Iðnsveinafél. Skagafjarðar og Verkakvennafél. Öldunnar.

Fjölbreytt dagskrá var þar, upplestur, söngur, lúðrablástur og fl. Allt minnti þetta reyndar á árshátíð Gagnfræðaskólans, enda einhver dagskráratriðanna endurtekning frá henni.

Jón Karlsson, forseti bæjarstjórnar og forseti Alþýðusambands Norðurlands og fleira, setti samkomuna. Tók þá til máls aðalræðumaður dagsins, Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur ASÍ. Ræða hans var algjört bergmálstéttasamvinnuherranna hjá ASÍ, Björns Jónssonar, Snorra og fl. Hann lýsti hvernig málum verkalýðsins er komið í dag, kaupmáttur á stöðugri niðurleið o.s.frv. Velti hann síðan fyrir sér hverju þetta ófremdarástand sætti og komst auðvitað að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin bæri alla sök þar á. Ekki flögraði að honum að þar væri við undanslátttarstefnu ASÍ-forystunnar að sakast. Og lausnin (..) var sú að "verkalýðsflokkarnir" yrðu að sameinast og mynda nýja ríkisstjórn. Hann minntist ekki einu orði á að barátta verkafólks, óháð þingræðisbröltinu, væri úrslitaaflið, enda ekki von þar sem ekki er hægt að skoða ASÍ-forystuna öðru vísi en sem erindreka atvinnurekenda og þar með óvini verkalýðsins.

Mjög fátt manna var á samkomunni, u.þ.b. 20 - 30 manns Jón Karlsson, "forseti", sleit samkomunni í undran yfir því hve fátt fólk var þarna. En það er ekkert að furða sig á, verkafólk á staðnum er eflaust þreytt á að hlusta á ræður stéttasamvinnuherranna á baráttudegi verkalýðsins.

Verkalýður Sauðárkróks má muna tímana tvenna frá því er Kommúnistaflokkurinn gamli var starfandi á Króknum. Þá var 1. maí baráttudagur og vonandi kemur aftur betri tíð.

-/GM

Frá 1. maí á Akureyri



BARÁTTUEINING 1. maí gekkst fyrir kröfugöngu og útifundi 1. maí sl. á Akureyri undir höfuðkjörorðinu "Eining og starf á grundvelli stéttabaráttu." Baráttusamtök launafólks stóðu fyrir Baráttueiningunni ásamt Félagi iðnnema (FINA), Kommúnistaflokki Íslands - Akureyrardeild, EIK ml, Rauðri æsku og Skólafélagi Menntaskólans, Huginn. Nokkrum fleiri aðiljum var boðin þátttaka í Baráttueiningunni. M.a. var bréf til Iðju, félags verksmiðjufólks, póstlagt, annað árið í röð, en formaður félagsins segist í hvorugt skiptið hafa fengið bréfið. Alþýðubandalagsfélagi Akureyrar var boðin þátttaka og sendi félagið 3ja manna nefnd til viðræðna við okkur snemma í apríl. Á þeim fundi tókst algert samkomulag með AB-fulltrúunum og fulltrúum hinna samtakanna. Skömmu síðar hélt AB-félagið félagsfund. Frá þeim fundi var send út áskorun til BSL og allra fagfélaganna í bænum um að standa saman um aðgerðir á 1. maí til að sýna að "máttur samtakanna sé sterkasta vopn verkalýðsins gegn kúgun og arðráni". Lést AB þannig ekkert vita af klofningi verkalýðsins í stéttasamvinnupostula og stéttabaráttumenn. Erum við aðstandendur Baráttueiningar afar óánægðir með þessa framkomu AB-félagsins.

Stéttasamvinnumenn í Einingu Iðju, Sveinafélagi járniðnaðarmanna o. fl. félögum ákváðu síðan að standa að skrúðgöngu og útifundi.

Kröfuganga Baráttueiningar hófst á Ráðhústorgi kl. 13.30 þann 1. maí og var genginn hringur um miðbæ Akureyrar og að lokum staðnæmst við Alþýðuhúsið. Í göngunni voru 70 - 80 manns, mun fleira en í göngu stéttasamvinnumannanna, ef frá er talin lúðrasveitinn sem var þar í fararbroddi. Ennþá fleira fólk kom á baráttufundinn sem haldinn var í Alþýðuhúsinu strax að lokinni göngu. Á þeim fundi flutti Ólafur Ingólfsson, verkamaður í Álverinu í Straumsvík, ræðu, Tómas Guðmundsson, iðnnemi í Slippstöðinni, flutti ávarp, Þórarinn Hjartarson, iðnnemi, og Katjana Edvardsen iðnverkakona sungu nokkur lög og Helga Sigurðardóttir kennari las ljóð eftir Stein Steinarr.

Mér kom töluvert á óvart hve fátt fólk tók þátt í aðgerðum verkalýðsforingjanna. Tel ég það sýna hve gjörsamlega þeir eru slitnir úr tengslum við verkafólkið, hvers kaup og kjör þeir ráðskast með eftir eigin höfði og atvinnurekendanna. Ekki einu sinni á 1. maí ná þeir til verkafólksins.

Að lokum er hér ályktun fundar Baráttueiningar.....

Fundur á vegum Baráttueiningar 1. maí á Akureyri brýnir verkalýð og vinnandi alþýðu til baráttu gegn kjaraskerðingarsókn auðvaldsins. Eining og starf á grundvelli stéttabaráttu er aflið sem sigrar.

-/ING

Akureyri:
Ósvífin árás kratanna

Nú eftir stofnun Kommúnistaflokks Íslands m-l keppast borgarablöðin við að rægja hann. Og þá eru auðvitað rægðir um leið ýmsir baráttuhópar meðal verkafólks. Rógberarnir finnast víða, t.d. hefur Þjóðviljinn verið iðinn við þessa iðju (skrif Einars Karls Haraldssonar fréttastjóra), og nú síðast birtist ósvífin róg- og níðskrif í "Alþýðumanninum" á Akureyri.

Hjörleifur Hallgrímsson, ritstjóri Alþýðumannsins, virðist lítið hafa lært af viðureign sinni við Leikfélag Akureyrar, þegar hann var dæmdur í sektir fyrir að ásaka róttæka leikara þar fyrir fjársvindl. Nú ræðst hann á barátttusinna í akureyskri verkalýðshreyfingu sem samfylktu á 1. maí undir nafninu "Baráttueining 1. maí" Ræðst hann með skömmum og svívirðingum á baráttusinna í leiðara Alþýðumannsins 5. maí sem nefndist "1. maí". Eftirfarandi tilvitnun úr leiðaranum gefur góða mynd af rógskrifunum:

"Þá (1. maí - Innsk. /GM) læðast fram úr skuggafylgsnum ýmis myrkraöfl, haldandi á lofti kröfuspjöldum með sóðalegum áletrunum og ruddalegu orðbragði, og framkoman öll slík, að ekki getur talist sigurstranglegt fyrir verkalýðshreyfinguna í baráttumálum hennar. Þetta eru klíkuhópar, sem kalla sig ýmsum nöfnum, svo sem Maóistar-Lenínistar, Marxistar, og Kommúnistar, svo eitthvað sé nefnt og eru ekki annað en róttækar sellur, til þess eins fallnar, að skapa sundrung og óeiningu á meðal hinna vinnandi stétta. Margt af þessu fólki er hinn mesti rumpulýður, sem vinnur sér varla til hnífs og skeiðar og eru óæskilegar afætur á þjóðfélaginu. Þessa klíkuhópa verður verkalýðshreyfingin að uppræta og sameinast um hinn eina og sanna, lýðræðislega jafnaðarmannaflokk, Alþýðuflokkinn,..."

Hjörleifi ritstjóra svíður greinilega að ganga Baráttueiningar 1. maí var fjölmennari en ganga stéttasamvinnuherranna í forystu verkalýðsfélaganna. Og þá grípur hann til þess lágkúrulega vopns, að rægja það fólk sem gengur út á götur Akureyrar á grundvelli stéttabaráttunnar með kröfur sínar á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. En þetta vopn mun snúast í höndunum á ritstjóra Alþýðumannsins. Þar sem málflutningur blaðsins er óvenjulega rætinn, þá munu aðstandendur Baráttueiningar 1. maí ekki láta sitja við orðin tóm.

-/GM


AM
Útgefandi: Alþýðuflokksfélag Akureyrar. — Ritstjóri og ábm. Hjörleifur Hallgríms.
ALÞÝÐUMAÐURINN
Afgreiðsla og auglýsingar Strandgötu 9, sími 1-13-99.

1. maí


Hátíðisdagur verkalýðsins, 1. maí, er hátíðlegur haldinn víðast hvar og á það einnig við hér á landi. Ekki eru nema nokkur ár síðan að hann var gerður að lögboðnum frídegi ...

1. maí Lundi



Lundi 2. maí. Í Lundi í Svíþjóð höfðu íslenskir marxistar-lenínistar og fleiri áhugamenn um landhelgisbaráttu íslenskrar alþýðu forgöngu um þátttöku íslendinga í 1. maí göngunni Enhet-Solidaritet, undir kjörorðum sem hvöttu til stuðnings við útfærslu íslensku landhelginnar og fordæmdu íhlutun breska NATO-flotans og rányrkju heimsvaldasinna á auðlindum annarra ríkja. Sömuleiðis var dreift dreifiriti á sænsku sem innihélt upplýsingar um landhelgisútfærsluna og hvatti sænska alþýðu til stuðnings við útfærsluna.

Gengið var í hinum and-heimsvaldasinnaða hluta göngunnar, sem var eina 1. maí gangan sem ekki var yfirlýst flokksganga, og einnig var þetta eina gangan sem tók ótvíræða afstöðu gegn allri heimsvaldastefnu, þar með talið sósíalheimsvaldastefnunni. Milli 25 og 30 íslendingar tóku þátt í göngunni, þrátt fyrir tilraun klofningsafla til að sundra einingu um málið. Á allra síðustu stundu fyrir 1. maí tóku tveir stuðningsmenn alþýðubandalagsins kipp og dreifðu flugblaði sem auk þess að innihalda fremur ómálefnalegt skítkast gegn marx-lenínistum almennt og gegn göngunni Enhet-Solidaritet, hvatti menn til að ganga nú annað hvort með flokksgöngum krata eða sænsku endurskoðunarsinnanna. Hvora menn völdu virtist ekki skipta máli, bara ef menn vöruðu sig á "maóismanum". Sárafáir hlýddu þessu kalli, og eini árangur klofningsstarfsins, auk þess að koma á klofningi, var að ýmsir sem annars hefðu gengið, kusu fremur að sitja heima.



FYLLUM ÚT KVÓTANN FYRIR FYRSTA JÚLÍ

Við hvetjum öll svæðin til að stuðla að því að meginverkefni flokksins komist sem fyrst í framkvæmd þ.e.a.s. vikublaðið komist á laggirnar. En söfnun áskrifenda er einn mikilvægasti hlekkurinn í því verkefni. Fyllum út kvótana fyrir fyrsta júlí.

Greiðslum og nýjum áskriftum má skila til okkar á eftirfarandi hátt:
Til pósthólfs 1357, Rvík.
Á gíróreikning 27810,
Til Rauðu stjörnunnar,
Lindargötu 15. Tekið er við áskriftum í síma 27810 kl. 15 - 18.30 virka daga.

Guðmundur J. Guðmundsson
Nóatúni 26
R.